ÞURA STEFÁNSDÓTTIR

Er með aldargamalt buffet heima í stofu

heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

HÍBÝLI OG VIÐHALD

Með réttri lýsingu og litum má létta lundina

sérblað um híbýli og viðhald

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. október 2009 — 253. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Mikilvæg hvatning

Þórdís Gísladóttir var verðlaunuð fyrir framlag sitt til frjálsíþrótta á ársþingi Frjálsíþróttasambands Evrópu.

TÍMAMÓT 14

Djúpa laugin snýr aftur

Aftur stefnumót í beinni útsendingu á Skjá einum.

FÓLK 22

Fór einn í bíó

Páll Óskar sá Jackson-myndina aleinn í lúxussal.

FÓLK 22

Liverpool lagði United

Liverpool vann gríðarlega mikilvægan sigur á Man. Utd í gær.

ÍÞRÓTTIR 17

VEÐRIÐ Í DAG



Hægviðri Það verður lítils háttar úrkoma sunnanlands í dag en annars úrkomulítið. Hiti breytist lítið.

VEÐUR 4

Stöðugleikasáttmáli gæti verið úr sögunni

Forsvarsmenn vinnumarkaðarins eru svartsýnir á að stöðugleikasáttmáli haldi, en fjármálaráðherra er bjartsýnni. Forseti ASÍ segir stjórnina ekki ætla að verja kjör hinna lægst launuðu. Framkvæmdastjóri SA bíður eftir ríkisstjórninni.

VINNUMARKAÐUR Margt þarf að koma til svo að friður haldist á vinnumarkaði. Á þriðjudag tekur stjórn Samtaka atvinnulífsins ákvörðun um hvort kjarasamningar verða framlengdir.

Lítil bjartsýni ríkti meðal forsvarsmanna launþega og atvinnurekenda eftir að fundi þeirra með stjórnvöldum lauk í gærdag.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði í gærkvöldi að verið væri að vinna úr fundinum og þoka málum áfram. Hann var frekar bjartsýnn en ekki. „Ég held að allir vilji halda áfram að reyna að koma þessu áfram en auðvitað er það svo í þeirra höndum að lokum hver niðurstaðan verður um kjarasamningana."

Spurður hvort til greina komi allsherjarstefnubreyting stjórnarinnar, til að friða vinnumarkaðinn, segist Steingrímur ekki telja að málið snúist um það.

„Ég held að þetta byggist nú á því hvort menn ná saman á þessum tímapunkti og glíma við þessar aðstæður. Aðalatriðið er að halda þessu áfram í góðri trú og góðum anda," segir hann.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að allt sé í óvissu. Allt of langt sé gengið í skattahækkunum. Heimili og fyrirtæki beri þær ekki. Tekjuforsendur fjárlaga gangi því ekki upp.

„Það hefur verið upplýst að það eru ekki áform uppi um að láta persónuafslátt hækka í samræmi við bæði lög og kjarasamninga. Það á að auka skattbyrði á þá tekjulægstu og það er alveg í andstöðu við markmið þessa sáttmála," segir hann. Persónuafsláttur þurfi að hækka um 6.600 krónur til að halda í við verðbólgu og annað.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að nú sé beðið eftir útspili ríkisstjórnarinnar. Hann vill, eins og Gylfi, að skattaáform verði endurskoðuð og þeir eru sammála um að fara þurfi í auknar framkvæmdir.

„Orkuskattar þurfa að fara út, gjaldeyrishöftin, vextir og sjávarútvegsmál. Við erum ekkert að gefast upp en þar er margt sem þarf að klárast til að við getum haldið þessu áfram," segir hann.

- kóþ

Í ÞUNGUM ÞÖNKUM Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, voru í þungum þönkum á fundi með fulltrúum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins í gær. Fundað verður aftur í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Enginn græðir á aðlögun:

Skuldir ekki afskrifaðar

EFNAHAGSMÁL Fjarstæða er að halda því fram að þeir sem veðjuðu á fall krónunnar fái skuldir sínar felldar niður en hirði gróðann.

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Þetta segir í tilkynningu frá félags- og tryggingamálaráðuneyti í gær og áhersla lögð á að lög um sértæka skuldaaðlögun sem samþykkt var á Alþingi á föstudag byggist á því að þeir sem eiga í miklum greiðsluerfiðleikum greiði eins stóran hlut af skuldum sínum og geta þeirra leyfi. Þá muni eignir ganga upp í skuldir. Tekið er fram að eignarhaldsfélög sem stofnuð voru um kaup á hlutabréfum falli ekki undir lögin. - jab

Suður-afrískir trúarleiðtogar:

Fórna dýri til að blessa HM

ÍÞRÓTTIR Suður-afrískir trúarleiðtogar ætla að fórna kú í von um að blessa þá leikvanga sem verða notaðir í heimsmeistarakeppninni í fótbolta næsta sumar.

Zolani Mkiva, formaður Makhonya-samtakanna sem starfa að menningarmálum, segir að nauðsynlegt sé að blessa keppnina upp á gamla mátann.

„Við munum fórna kúnni af þessu tilefni og við ætlum að biðja forfeður okkar um að blessa keppnina og sjá til þess að allt gangi vel. Þetta snýst um að biðja hið guðlega um að sjá til þess að andrúmsloftið verði frábært," sagði hann við Reuters-fréttastofuna. Keppnin hefst í júní á næsta ári, eða eftir innan við átta mánuði.

Þetta er í fyrsta skipti sem heimsmeistaramótið í knattspyrnu er haldið í Afríku.Talið er að um fimmhundruð þúsund ferðamenn muni sækja Suður-Afríku vegna keppninnar. - fb

Málum fjölgar þar sem grunur leikur á að farið sé á svig við gjaldeyrishöftin:

FME með tuttugu mál í skoðun

EFNAHAGSMÁL „Við erum að skoða fjölmörg mál. Umfangið hefur margfaldast," segir Gunnar Andersen, forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME). Þar eru nú í kringum tuttugu mál til skoðunar um hugsanleg brot gegn gjaldeyrislögum.

Höft voru sett á utanríkisviðskipti með gjaldeyri fyrir tæpu ári eftir hrun krónunnar og horft til þess að þau gætu styrkt gengið. Það hefur ekki gengið eftir, svo sem vegna leiða sem fyrirtæki hafa fundið framhjá þeim. Þar á meðal eru kaup fyrirtækja á krónum á aflandsmörkuðum fyrir tekjur í erlendri mynt og undanskot frá skilaskyldu á gjaldeyri. Höftin hafa verið hert nokkuð, síðast í september.

GUNNAR ANDERSEN

Margoft hefur komið fram að lágt gengi krónunnar stendur í vegi fyrir lækkun stýrivaxta.

- jab / sjá síðu 4

NÝ NÁMSKEIÐ

sjá heilsíðu bls. 9

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080

isoft@isoft.is • www.isoft.is

SPURNING DAGSINS

Kristrún, verður hægt að toppa síðasta gest Forlagsins?

„Þetta var vitanlega ákveðinn hápunktur hjá okkur um helgina, en sagan verður að leiða annað í ljós.“

Risinn Sultan Kösen heimsótti Ísland til að kynna nýja Heimsmetabók Guinness. Forlagið gefur bókina út. Kristrún Heiða Hauksdóttir er kynningarfulltrúi Forlagsins.

Frestur til að skila uppgjöri frambjóðenda til Ríkisendurskoðunar rann út í gær:

Helmingur skilaði fyrir helgi

STJÓRNMÁL Rétt rúmlega helmingur frambjóðenda í alþingiskosningunum í vor hafði skilað fjárhagslegu uppgjöri vegna framboðsins til Ríkisendurskoðunar í föstudagslok. Skilafrestur rann svo út á miðnætti í nótt.

Samkvæmt lögum um fjármál stjórnmálasamtaka eiga frambjóðendur sem eyða meira en þrjú hundruð þúsund krónum í framboð sitt að skila fjárhagslegu uppgjöri.

Þeir sem eyða þrjú hundruð þúsund krónum eða minna þurfa einungis að skila inn yfirlýsingu um að kostnaðurinn hafi ekki verið meiri en svo.

Alls átti 321 frambjóðandi að vera búinn að skila uppgjöri eða yfirlýsingu í gær. Fyrir rúmum mánuði höfðu einungis fimmtíu svarað Ríkisendurskoðun.

Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun, segir enn óákveðið hvernig nákvæmlega verður farið með upplýsingarnar, spurður hvort birt verði nöfn þeirra sem kunna að hafa kosið að svara ekki.

„Við eigum að birta útdrátt úr uppgjörunum, en þetta er í fyrsta sinn sem við gerum þetta svo við þurfum kannski einhvern tíma til að ganga frá þessu,“ segir hann. - kóþ

ALÞINGI Allir frambjóðendur áttu að hafa skilað fjárhagslegu uppgjöri fyrir miðnætti, en rétt rúmur helmingur hafði lokið því í dagslok á föstudag.

Fulltrúar N-Kóreu og BNA:

Ræddu kjarnorkuáætlunina

STJÓRNMÁL Háttsettur norður-kóreskur erindreki ræddi óvænt við bandarískan kollega sinn í heimsókn sinni til Bandaríkjanna. Erindrekinn, Ri Gun, ræddi við fulltrúa Bandaríkjanna í New York, samkvæmt yfirlýsingu frá bandaríska utanríkisráðuneytinu. Bandaríkjamenn hafa óskað eftir því að Norður-Kóreumenn hefji við þá viðræður á nýjan leik um kjarnorkuáætlun sína. Norður- og Suður-Kórea, Kína, Rússland, Japan og Bandaríkin hafa tekið þátt í viðræðunum. Í apríl síðastliðnum drógu N-Kóreumenn sig út úr viðræðunum en í síðasta mánuði vildu þeir hefja þær á ný. - fb

Nokkuð um innbrot í nótt:

Erilsamt hjá lögreglu í nótt

LÖGREGLAN Nokkuð erilsamt var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt sunnudags. Ráðist var á mann fyrir utan skemmtistaðinn Nasa. Tveir voru handteknir grunaðir um árásina.

Þá var brotist inn í byggingu Háskólans í Reykjavík. Náðist til þjófanna og gistu þeir fangageymslu lögreglunnar.

Þá var ráðist á vegfaranda við Laugaveg á föstudag og hann rændur. Þá var brotist inn í verslunina Súkkulaði og rósir á Hverfisgötu. Fjórir voru síðan teknir fyrir ölvunarakstur. - sm

Þrjú hundruð verk mikilvæg þjóðararfi

Búið er að meta listaverkasöfn bankanna tveggja sem eru á leið úr ríkiseigu. Talið er mikilvægt að ríkið eignist 300 verkanna. Verkin verða ekki keypt strax en kaupréttur hins opinbera tryggður. Samið verður við bankana um sýningar.

STJÓRNMÁL Um 300 listaverk í eigu Íslandsbanka og Nýja Kaupþings eru talin mikilvæg þjóðararfi og eigi því ekki að fara úr ríkiseigu. Þetta kemur, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, fram í mati sem unnið hefur verið á listaverkasöfnunum. Viðræður hafa verið í gangi á milli ríkisvaldsins og bankastjórnanna um verkin og er búist við að málið klárist í næstu viku.

Þau listaverk sem mikilvæg þóttu voru sett í tvo flokka, a og b. Í a flokki eru verk sem talin eru mikilvæg fyrir íslenska listasögu. Slík eru talin vera ríflega 100 í Íslandsbanka og nálega 200 í Nýja Kaupþingi. Í flokki b eru verk sem ættu að vera aðgengileg þjóðinni á opinberum stöðum. Um 100 verk í þeim flokki eru í Íslandsbanka og 200 í Nýja Kaupþingi. Þar að auki er fjöldi verka sem ríkið mun ekki ásælast. Samanlagt nema þessir flokkar fimmtungi af listaverkaeign Íslandsbanka og þriðjungi hjá Kaupþingi.

Ekki er ætlunin að ríkið kaupi verkin þegar í stað, heldur öðlist kauprétt að þeim. Þá er verið að semja um möguleika á að bankarnir gefi einhver verk. Um þónokkur verðmæti er að ræða, en stuðst verður við bókfært mat verkanna við uppgjör bankanna. Það er þó talið töluvert undir markaðsvirði.

Um listaverk Landsbankans gildir öðru máli þar sem hann verður áfram í eigu ríkisins. Þar er að finna stærsta listaverkasafnið í bönkunum þremur.

Fjöldi verkanna er slíkur að ríkið á í raun ekki hægt um vik með að geyma þau. Þau eru því talin best geymd þar sem þau eru, í bönkunum, að því gefnu að ríkið eignist kauprétt að þeim.

Samið verður við bankastjórnir um að verkin verði reglulega til sýnis. Þar hjálpar hefðin, því bankarnir þykja í gegnum tíðina hafa verið duglegir við að sýna verk sín. kolbeinn@frettabladid.is

KAUÞING Í Kaupþingi eru um 200 verk sem talin eru mikilvæg fyrir íslenska listasögu. Samningar hafa staðið á milli ríkisvaldsins og bankastjórna Kaupþings og Íslandsbanka um hvað verður um verkin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HVÍTASUNNUDAGUR Landsbankinn greiddi um 1,3 milljónir danskra króna fyrir þetta verk Kjarvals á uppboði í Kaupmannahöfn árið 2007.

Flosi látinn

Flosi Ólafsson, leikari, leikstjóri og rithöfundur er látinn. Hann lætur eftir sig eiginkonu, Lilju Margeirsdóttur og tvö börn, Önnu og Ólaf.

FLOSI ÓLAFSSON

Flosi slasaðist alvarlega í bílslysi í Borgarfirði á miðvikudaginn og var fluttur á gjörgæsludeild Borgarspítalans. Á fimmtudag var talið að hann væri úr lífshættu. Honum hrakaði hins vegar og lést á laugardag. Flosi hefði orðið áttræður á morgun.

Flosi lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1953. Hann nam leiklist við Leiklistarskóla Þjóðleikhússins á árunum 1956-58 og leikstjórn og þáttagerð hjá breska ríkisútvarpinu BBC á árunum 1960-61. Hann leikstýrði fjölda leikrita og þátta fyrir útvarp og sjónvarp. Þá lék hann í mörgum leikritum í Þjóðleikhúsinu sem og kvikmyndum. Flosi skrifaði og þýddi bækur, leikrit, söngleiki og gamanóperur.

Hugmyndaþing í Ráðhúsinu:

Hugmyndaríkir borgarbúar

REYKJAVÍK Mörg hundruð manns lögðu leið sína í Ráðhús Reykjavíkur í gær, en þar fór fram sérstakt Hugmyndaþing sem borgarstjórnin efndi til. Þingið var liður í stefnu borgaryfirvalda sem á að auka aðkomu íbúa að stefnumótun borgarinnar og gátu borgarbúar komið með hugmyndir um hvernig megi gera borgina að betri stað að búa í. Áætlað er að um þúsund hugmyndir hafi borist frá borgarbúum.

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

„Þetta gekk alveg ótrúlega vel og hingað mætti mikill fjöldi fólks sem er afar ánægjulegt enda er þetta í fyrsta sinn sem slíkt þing er haldið. Nú eigum við eftir að vinna úr öllum þessum hugmyndum og finna þeim stað í sóknaráætlun borgarinnar,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri. - sm

Hópur lögfræðinga:

Stefnir ríkinu

DÓMSMÁL Hópur lögfræðinga undirbýr stefnu á hendur íslenska ríkinu vegna Icesave-samninganna sem nú liggja fyrir. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær. Hópurinn telur framkvæmdarvaldið hafa farið út fyrir það umboð sem stjórnarskráin feli í sér. Í grunninn felst dómsmálið í því að láta reyna á heimildir stjórnvalda til að skuldbinda ríkið samkvæmt stjórnarskrá. Stefna í málinu er ekki tilbúin.

Ásakanir um peningaþvætti bankanna komnar upp á yfirborðið á nýjan leik:

Saksóknari skoðar 49 mál

EFNAHAGSMÁL „Þessir fletir geta alltaf komið upp í rannsóknum á efnahagsbrotum. Við gefum þessu gaum ásamt öðru,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari. Í netútgáfu breska dagblaðsins Times sagði í gær að þeir sem rannsaki hrun Glitnis, Kaupþings og Landsbankans skoði hvort ásakanir um peningaþvætti eigi við rök að styðjast auk óvenjulegra lánveitinga til aðila þeim tengdum.

Blaðið segir skjöl um málið hafa gengið á milli þeirra sem rannsaki hrunið hér, í Danmörku og hjá Serious Fraud Office í Bretlandi.

Ekstra Bladet í Danmörku birti röð greina um íslenskt viðskiptalíf haustið 2006 þar sem fullyrt var að útibú Kaupþings (þá KB banka) í Lúxemborg hefði komið fjármunum rússneskra auðmanna fyrir í skattaskjólum og fjármunir þvegnir. Kaupþing höfðaði meiðyrðamál gegn blaðinu. Sættir náðust.

Þá sagði rússneski auðmaðurinn Boris Berezovskí, sem er svarinn andstæðingur Vladimírs Pútín forseta Rússlands, í byrjun árs að landar sínir sem hliðhollir eru stjórnvöldum, hafi þvegið peninga hér á landi.

Hjá embætti sérstaks saksóknara eru 49 mál í skoðun og er sjö lokið. Enginn sem tengist gömlu bönkunum hefur verið kallaður til sérstaklega vegna rannsóknar um peningaþvætti, að sögn Ólafs. - jab

ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON 49 mál tengd efnahagshruninu eru í skoðun hjá embætti sérstaks saksóknara en sjö er lokið með einum eða öðrum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

DORMA SÆNGURNAR
komnar aftur !

Nú kostar minna
að hvíla sig

Fyrsta sending
klárаðist á
nokkrum
dögum!

6 dagar eftir af opnunar-
tilboðunum !

Rúmföt
aðeins
2.900 kr.

Dúnsæng 140x200
Aðeins kr. 14.900,-
Tvíbreið kr. 17.900,-

Dúnkoddi 50x70
Aðeins kr. 3.900,-

Frábær tilboð!
Velkomin í nýja og glæsilega
verslun í Holtagörðum

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18:30
Lau frá kl. 10-17
Sun frá kl. 13-17

GENGIÐ 23.10.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	122,18	122,76
Sterlingspund	200,60	201,58
Evra	183,65	184,67
Dönsk króna	24,669	24,813
Norsk króna	22,048	22,178
Sænsk króna	17,924	18,030
Japanskt jen	1,3330	1,3408
SDR	195,08	196,24

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 235,6193

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsætisráðuneytið vísar til þess að því beri ekki skylda til að gefa upplýsingar:

Ekki verður sagt frá gestum Jóhönnu

FJÖLMIÐLAR Forsætisráðuneyti Jóhönnu Sigurðardóttur neitar að gefa upp hvaða fólk hefur fengið viðtal við hana, síðan núverandi stjórn hóf störf 1. febrúar.

Þetta er rökstutt í svarbréfi til blaðsins með því að stjórnvöldum beri ekki skylda til að veita slíkar upplýsingar, enda varða þær ekki eitt sérstaklega tiltekið mál.

Samkvæmt upplýsingalögum eiga stjórnvöld ekki að þurfa að útbúa ný gögn til að upplýsa almenning, og er einnig vísað til þess í bréfinu. Miðað við það er hvergi til listi yfir þá sem hafa fengið viðtal við ráðherrann.

Að lokum bendir ráðuneytið á að þeir, sem heimsótt hafa Jóhönnu, hafi ekki gert ráð fyrir því að upplýsingar um það yrðu gerðar opinberar.

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR BARACK OBAMA

Greint hefur verið frá því í blaðinu að Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, ætlar að birta gestabók sína á heimasíðu Hvíta hússins.

Sú birting verður þó ekki afturvirk heldur einungis með nöfnum gesta sem komu eftir að þessi ákvörðun var tekin. Forsetinn segir það rétt kjósenda að vita við hverja hann ræði áður en hann tekur stefnumótandi ákvarðanir.

Niðurlag bréfs forsætisráðuneytis fjallar um að nú sé unnið að endurskoðun upplýsingalaga, meðal annars um að hvaða marki megi rýmka upplýsingarétt almennings.

Þá er beðist velvirðingar á því hve lengi tók að svara fyrirspurninni, sem var send 24. september. Svarið var póstlagt 20. október, eftir ítrekanir blaðsins. Samkvæmt lögum á að svara fyrirspurnum innan sjö daga. - kóþ

Nýr formaður ÖBÍ kjörinn:

Guðmundur nýr formaður

FÉLAGSMÁL Guðmundur Magnússon var kosinn formaður Öryrkjabandalags Íslands á aðalfundi félagsins á laugardag.

Guðmundur hlaut 43 atkvæði en Sigursteinn R. Másson, sem var einnig í kjöri, hlaut 30 atkvæði. Guðmundur er fulltrúi Samtaka endurhæfðra mænuskaddaðra í stjórn ÖBÍ og var varaformaður bandalagsins þar til nú. Í hans stað var Hjördís Anna Haraldsdóttir kjörin varaformaður bandalagsins.

Aðalfundur ÖBÍ ályktaði að alvarlegt ástand í efnahagsmálum hér á landi hefði lagst mjög þungt á öryrkja sem hafa orðið að þola skerðingar á framfærslulífeyri. Öryrkjar hafi ekki notið góðærisins og eigi því sérstaklega erfitt með að takast á við kreppu og kjaraskerðingu. - sm

VAXTAÁKVÖRÐUNARFUNDUR Margoft hefur komið fram á vaxtaákvörðunarfundum Seðlabankans að veik staða krónunnar standi í vegi fyrir lækkun stýrivaxta. Brot gegn gjaldeyrislögum hefur í ár hamlað styrkingu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tuttugu gjaldeyrismál til skoðunar hjá FME

Málum vegna gruns um brot á gjaldeyrishöftum hefur fjölgað mikið hjá Fjármálaeftirlitinu síðan í sumar. Undanskotin hlaupa á tugum milljóna króna í hvert sinn. Slóðin á bak við brotin er mjög flókin, segir stjórnarformaður FME.

VIÐSKIPTI „Við erum að skoða fjölmörg mál. Umfangið hefur margfaldast í rannsókn okkar," segir Gunnar Andersen, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins. Hann staðfestir að eftirlitið sé nú með í kringum tuttugu mál til skoðunar vegna brota á gjaldeyrislögum.

Brotin tengjast bæði fyrirtækjum í útflutningi og annars konar milliríkjaviðskiptum.

Alþingi samþykkti gjaldeyrishöft Seðlabankans, sem meðal annars fólu í sér skilaskyldu á gjaldeyri, í enda nóvember í fyrra eftir hrun krónunnar og var með þeim vonast til að styrkja gengið. Það hefur ekki gengið eftir, svo sem vegna brota á skilaskyldu gjaldeyris. Um þrjátíu fyrirtæki eru með undanþágu frá gjaldeyrislögunum.

Seðlabankinn hefur fylgst náið með því hvort farið sé eftir gjaldeyrislögunum og sent þau mál til FME sem talin eru brjóta í bága við lögin.

Eftirlit með lögunum hefur verið hert verulega frá í fyrra. Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur margítrekað að veikt gengi standi í vegi fyrir lækkun stýrivaxta. Þeir hafa staðið í tólf prósentum frá í júní í sumar.

GUNNAR ANDERSEN

Fréttablaðið greindi í vor og sumar frá því að einhver fyrirtækjanna sem í hlut eigi hafi notað tekjur í erlendum gjaldeyri til kaupa á krónum á aflandsmarkaði og hagnast á gengismuni þar sem gengi krónunnar hefur alla jafna verið mun lægra erlendis en hér. Í einhverjum tilvikum hafa fyrirtækin farið eftir skilaskyldu og sent krónurnar heim að gjaldeyrisviðskiptum loknum. Mun minni gjaldeyrir skilar sér því til landsins vegna milliríkjaviðskipta en ella.

Gunnar segir undanskot hjá gjaldeyrishöftum Seðlabankans hlaupa á allt frá nokkrum milljónum króna til tugmilljóna. Ströng viðurlög eru vegna brota á gjaldeyrishöftunum. Sektargreiðslur einstaklinga geta numið allt að tuttugu milljónum króna en fyrirtækja allt að 75 milljóna.

Eftirlitið var með átta brot í skoðun um mitt ár og hefur þeim fjölgað mjög síðan þá. Gunnar segir sum þeirra tengjast. „Málin eru mjög flókin. Slóðin liggur þvers og kruss og leggir þeirra farið í gegnum marga milliliði erlendis. Þetta er mjög erfitt," segir hann en bætir við að vænta megi fyrstu niðurstaðna á næstu vikum. jonab@frettabladid.isw

Leiðtogar Asíuríkja hittast:

Vilja bandalag í anda ESB

STJÓRNMÁL Leiðtogar ríkja í suðausturhluta Asíu eru samankomnir í Taílandi til að ræða áætlanir um að stofna bandalag í anda Evrópusambandsins fyrir árið 2015. Yukio Hatoyama, forsætisráðherra Japans, telur að með slíku bandalagi geti Asíuríki nýtt sér betur hraðari hagvöxt heimsálfunnar eftir kreppuna heldur en þann sem á sér stað í vestrænum ríkjum. „Það væri gott ef við hefðum metnað til að láta Austur-Asíu leiða heiminn áfram," sagði Hatoyama. Tíu meðlimir yrðu í bandalaginu. - fb

STJÓRNARRÁÐIÐ Endurskoða á lög um stjórnarráð Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkisstjórnin skipar nefnd:

Stjórnarráðið í endurskoðun

STJÓRNSÝSLA Ríkisstjórnin ákvað á föstudag að skipa nefnd til að endurskoða lög um stjórnarráð Íslands. Meðal þess sem skoðað verður eru starfshættir ríkisstjórnarinnar.

Nefndin verður skipuð fulltrúa forsætisráðherra sem jafnframt verður formaður, fulltrúa tilnefndum af fjármálaráðherra og utanaðkomandi sérfræðingum. Nefndin á meðal annars að skoða auglýsingaskyldu starfa hjá hinu opinbera og stöðu pólitískra aðstoðarmanna, ráðningu, starfslok og fjölda. Þá verða heimildir um flutning embættismanna innan Stjórnarráðsins til skoðunar. - kóp

FRÁ SLYSSTAÐ Átján manns létust í lestarslysinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lestarslys í Egyptalandi:

Átján létu lífið

ERLENT Átján manns létu lífið og um fimmtíu slösuðust þegar árekstur varð milli tveggja farþegalesta rétt fyrir utan Kaíró í Egyptalandi í gær.

Fyrri lestin hafði neyðst til að stöðvast eftir að hafa ekið á naut og eyðilagt gasleiðslur, seinni lestin skall stuttu síðar aftan á kyrrstæðu lestina með þeim afleiðingum að átján manns létust. - sm

Kjötkompaní

Sælkerakjötfars 399 kr/kg

Svikinn héri m/bacon 590 kr/kg

Allir tilbúnir pottréttir 1.280 kr/kg

Kjötkompaní, sími 578 9700.
Dalshrauni 13, Hafnarfirði

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir Veðurfréttamaður

Það verður hæglætisveður á landinu í dag en á morgun fer að hvessa með suðurströndinni og má búast við vætutíð þegar líður á vikuna. Góðu fréttirnar eru þær að veður verður milt, sérstaklega sunnanlands.



Á MORGUN Hvassviðri með SA-ströndinni annars hægari

MIÐVIKUDAGUR Strekkingsvindur

HEIMURINN

Alicante	24°
Basel	21°
Berlín	14°
Billund	13°
Eindhoven	14°
Frankfurt	13°
Friedrichshafen	16°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	25°
London	16°
Mallorca	21°
New York	17°
Orlando	32°
Ósló	8°
París	17°
San Francisco	19°
Stokkhólmur	10°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Skráðu þig í tölvunám
Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2009 • 23 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og yfir 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á meira en 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Excel 2007 töflureiknirinn
Morgun- eða kvöldnám

Ítarlegt nám fyrir þá sem vilja hafa hámarksnot af tölvunni við meðhöndlun talna, áætlanagerð, alls konar útreikninga og úrvinnslu talna. Þú bætir miklu við þekkingu þína á Excel.

Gott úrval framhaldsnámskeiða í Excel á tv.is.

Verð: 26.900 Stundir/einingar: 22/1



Tölvunám fyrir 50+
Dag- og kvöldnám

Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun

Verð: 64.900 Stundir/einingar: 72/3



Hagnýtt bókhaldsnám
Morgunnám hefst 28. október

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 94/4



Stafræn ljósmyndun
Dag-, síðdegis eða kvöldnám

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa á geisladisk til eignar eða gjafa og senda með tölvupósti, allt með Picasa.

Verð: 16.900 Stundir: 13

Word 2007 ritvinnsla
Morgunnám hefst 16. nóvember

Vinnusparandi nám fyrir þá sem vilja hafa hámarksnot af Word við gerð fréttabréfa, tölvupósta, bæklinga, námsefnis og annars ritaðs mál. Bættu við þekkingu þína á Word.

Gott úrval Word framhaldsnámskeiða á tv.is.

Verð: 26.900 Stundir/einingar: 22/1

Almennt tölvunám
Morgunnám hefst 3. nóvember

Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um allt það helsta sem gert er með tölvum. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, PowerPoint, tölvupóstur og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýtast heima og í vinnu.

Verð: 74.900 Stundir/einingar: 90/4

Hagnýtt bókhaldsnám II
Morgunnám hefst 10. nóvember

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurliðinum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar endurskoðanda.

Verð: 79.900 Stundir/einingar: 60/3

Photoshop Elements
Kvöldnám hefst 27. október

Frábært nám fyrir þá sem vilja gera góðar ljósmyndir ennþá betri með Photoshop Elements. Lagfærðu og breyttu myndum, flokkaðu þær, prentaðu og settu þær á vefinn.

Frábært framhald fyrir þá sem kunna á Picasa.

Verð: 18.900 Stundir: 13



Microsoft Project 2007
Morgunnám hefst 20.nóvember

Nám sem gerir þér fært að undirbúa, áætla, stjórna og halda utan um alls konar verkefni hvort sem þau eru stór eða smá. Fjölbreyttar skýrslur, vinnulistar, kostnaðaráætlanir og aðrar upplýsingar og hægt er að halda utan um mörg verkefni í einu skjali.

Verð: 39.900 Stundir: 18



Photoshop I+II nám
Dag- eða síðdegisnám

Bókaðu þig núna á kraftmikið og skemmtilegt nám um Photoshop sem hentar jafnt áhugamönnum og þeim sem starfa, eða vilja starfa, við grafíska hönnun, vefhönnun eða ljósmyndun. Námið er tveir áfangar og er hægt að taka hvorn áfanga sér.

Verð: 59.900 Stundir/einingar: 45/2

Flash I og Action Script
Dag- eða síðdegisnám

Lærðu að gera lifandi vefi og vinna myndir með verkfærum sem fagmennirnir nota. Stutt og hnitmiðað nám þar sem kennt er að búa til lifandi auglýsingar og vefi með hreyfimyndum, gagnvirkni og sjálfvirkni. Námið er tveir áfangar og er hægt að taka hvorn áfanga sér.

Verð: 49.900 Stundir/einingar: 36/2

Þetta er aðeins brot af þeim námskeiðum sem eru í boði hjá okkur!

Skoðaðu nánar á www.tv.is

Morgunn: 9:00-12:00 - dagur: 13:00-16:00 - síðdegi: 16:15-19:15 - kvöld: 19:30-22:30 - stund = 40 mín - eining = ígildi einnar námseiningar í framhaldsskóla

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- **Vinnumálastofnun** styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar**.

Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– eða fáðu nánari upplýsingar á www.tv.is

Einka- og hópkennsla
Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar.

Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

KJÖRKASSINN

Ætti að skattleggja stóriðjuna til að ná endum saman í ríkisrekstri?

Já	63%
Nei	37%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú prófað önnur stýrikerfi en Windows?

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Níu manns á aldrinum 30 til 63 ára á gjörgæslu vegna svínaflensunnar:

Mesti viðbúnaður í sögunni

HEILBRIGÐISMÁL Viðbúnaðurinn við svínaflensunni er sá mesti í Íslandssögunni að mati Haraldar Briem sóttvarnalæknis. „Ég hugsa að það hafi aldrei verið viðbúnaður í stíl við þetta nokkurn tímann á Íslandi. Við erum búin að undirbúa okkur nokkuð stíft í fjögur ár. Þá höfðum við í huga þessa fuglaflensu sem er búin að vera í gangi," segir Haraldur. „Hún er mjög skæð og annar hver maður deyr sem fær hana. En hún hefur aldrei náð því að berast frá manni til manns," segir hann og útskýrir að hún hafi aldrei náð að stökkbreytast eins og búist hafi verið við.

HARALDUR BRIEM Viðbúnaðurinn við svínaflensunni er sá mesti við nokkurri flensu í Íslandssögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við eigum lyf fyrir hálfa þjóðina til að nota ef menn veikjast og þetta er í fyrsta skipti sem við fáum bóluefni sem við getum vonandi veitt til allrar þjóðarinnar." Búist er við því að bólusetning fyrir alla Íslendinga við svínaflensunni geti hafist í lok nóvember eða byrjun desember.

Alls eru níu manns á aldrinum 30 til 63 ára á gjörgæslu vegna flensunnar. Einn er á Akureyri og átta á Landspítalanum og hefur þeim fjölgað um tvo síðan á laugardag. Sjúklingarnir komu báðir utan af landi, annar frá Neskaupstað og hinn frá Vestmannaeyjum. Fimm til viðbótar lögðust á Landspítalann í gær og nú liggja þar 28 manns með svínaflensu á almennri deild. Hátt í tugur manna liggur á sjúkrahúsum annars staðar á landinu og því ljóst að flensan hefur breiðst út um allt landið. - fb

Utanríkisráðherrann Miliband:

Býður sig ekki fram í ESB

STJÓRNMÁL David Miliband, utanríkisráðherra Bretlands, hefur ekki í hyggju að bjóða sig fram sem stjóra utanríkismála í Evrópusambandinu. Jafnframt styður hann Tony Blair, fyrrum forsætisráðherra Bretlands, sem næsta forseta Evrópuráðsins. Báðar stöðurnar verða að veruleika eftir að skrifað hefur verið undir Lissabon-sáttmálann af öllum 27 aðildarríkjum ESB. Blair er talinn líklegastur til að hreppa forsetastöðuna þó svo að íhaldsmenn og frjálslyndir í Bretlandi séu á móti því. Einnig hafa nokkrar Evrópuþjóðir lýst yfir andstöðu sinni á valinu. - fb

Viðskiptaráðherra í Times:

Verstu bankamenn í heimi

EFNAHAGSMÁL Íslenskir bankamenn voru þeir verstu í heimi, segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra á vef breska blaðsins Times í dag.

GYLFI MAGNÚSSON

„Þeim tókst að ná tökum á bankakerfinu og tífölduðu það að stærð, síðan létu þeir það hrynja – allt á sex ára tímabili. Þetta er athyglisverður árangur, í ákveðnum skilningi. Bankamenn um allan heim eru skammaðir, en ég held að enginn komist nálægt þessu fólki," segir Gylfi.

Í greininni talar Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um þá kröfu almennings að bankamenn sæti ábyrgð vegna hrunsins. - jhh

Fulltrúar SÞ staddir í Íran:

Rannsaka leynt kjarnorkuver

ÍRAN, AP Fulltrúar Sameinuðu þjóðanna eru staddir í Íran þar sem þeir ætla að rannsaka kjarnorkuver sem leyndarhjúpur hvíldi yfir þar til fyrir mánuði.

MAHMOUD AHMADINEJAD

Verið er skammt frá borginni Qom og munu fulltrúarnir dvelja í landinu í þrjá daga.

Vesturveldin hafa deilt hart við Írana um kjarnorkuáætlun þeirra. Samkvæmt nýrri tillögu sem hefur verið lögð fram eiga Íranar að senda auðgað úran sitt úr landi þar sem því yrði breytt í eldsneyti.

Rannsóknin í Qom verður sú fyrsta sem er gerð á kjarnorkuverkinu á vegum Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar. - fb

Mannskæðustu árásir í Írak í rúmlega tvö ár

Að minnsta kosti 132 fórust og 520 slösuðust í tveimur bílsprengingum í Bagdad, höfuðborg Íraks. Þetta er mannskæðasta árásin í landinu í rúm tvö ár.

ÍRAK, AP Að minnsta kosti 132 fórust og yfir fimm hundruð manns slösuðust í tveimur bílasprengjum í Bagdad í gær. Sprengjurnar sprungu með skömmu millibili snemma í gærmorgun fyrir utan dómsmálaráðuneytið í Bagdad og skrifstofu borgarstjóra.

Byggingarnar eru skammt frá Græna svæðinu þar sem margar af helstu stjórnsýslubyggingum Íraks er að finna ásamt sendiráði Bandaríkjanna.

Þetta eru mannskæðustu árásirnar í Írak síðan í ágúst árið 2007 og koma þær þremur mánuðum eftir að Bandaríkjamenn létu öryggismál í íröskum borgum í hendur heimamanna. Sprengingunum hefur verið líkt við aðrar sem áttu sér stað í ágúst síðastliðnum þegar bílsprengjur sprungu fyrir utan tvö ráðuneyti. Þá fórust að minnsta kosti eitt hundrað manns.

Írakar segja að erlendir vígamenn standi á bak við árásirnar og hafa sakað Sýrlendinga um aðild að þeim. Krefjast þeir þess að Sameinuðu þjóðirnar rannsaki málið.

Nouri Maliki, forsætisráðherra Íraks, skoðaði ummerkin eftir árásirnar og gaf síðar út yfirlýsingu þar sem hann sakaði hryðjuverkasamtökin Al Kaída og stuðningsmenn Saddams Hussein, fyrrum forseta landsins, um verknaðinn. „Þessar árásir sem voru framkvæmdar af gungum mega ekki hafa áhrif á vilja almennings í Írak til að halda áfram baráttunni gegn gamla tímanum og gegn hryðjuverkamönnum Al Kaída sem hafa framkvæmt grimmilegan glæp gegn saklausum borgurum," sagði Maliki, ómyrkur í máli.

Sprengingarnar koma á sama tíma og íraska þingið reynir að samþykkja nauðsynlega löggjöf til að hægt verði að halda þingkosningar í janúar. Nauðsynlegt er að þær gangi vel til að stöðugleiki komist á í landinu eftir vandamál undanfarinna sex ára. Bandaríkjamenn hafa í hyggju að fækka hermönnum sínum í landinu eftir kosningarnar og myndu allar tafir á löggjöfinni seinka fyrirætlunum þeirra. freyr@frettabladid.is

MANNSKÆÐAR ÁRÁSIR Árásirnar í Bagdad í gærmorgun voru þær mannskæðustu í Írak í rúm tvö ár.

ÞÆR MANNSKÆÐUSTU SÍÐAN 2003:

Ágúst 2007:	Rúmlega 500 farast á árásum á þorp við Sinjar.
Júlí 2007:	150 farast í bílsprengju í Tuz Khurmato.
Apríl 2007:	191 ferst í bílsprengju í Bagdad.
Mars 2007:	152 farast í bílsprengju í Tal Afar.
Febrúar 2007:	135 farast í bílsprengju í Bagdad
Nóvember 2006:	202 farast í sprengingum í Bagdad.
Mars 2004:	171 ferst í sprengingum í Bagdad og Karbala.

Heimild: BBC.

Vonast til að birting forsetabréfabréfs dragi úr tortryggni:

Átta bréf af sautján opinber

STJÓRNSÝSLA Átta bréf af sautján sem Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sendi til rannsóknarnefndar Alþingis voru birt á vef embættisins í fyrradag.

Bréfin sem embættið birtir eru öll til viðtakenda sem hafa látið af embætti auk tveggja einstaklinga. Hin bréfin eru til fólks sem enn gegnir sömu embættum. Bréfin eru frá 1998 til maí í fyrra.

Ólafur Ragnar sagði í fjölmiðlum um helgina tilgang birtingarinnar þá að draga úr tortryggni þeim tengdum. Þá sé birtingin algjör stefnubreyting í samskiptum Íslands við önnur ríki og ekki í samræmi við þær siðareglur sem gilda í samskiptum ríkja. Í þeim ríkjum sem Ísland hafi helst samstarf við séu lög og reglur sem takmarka mjög eða beinlínis hindra birtingu slíkra bréfa eða gagna fyrr en eftir langt árabil.

BRÉFIN SEM VANTAR

Af bréfunum sautján eru níu óbirt. Þau eru öll til einstaklinga sem enn eru í embætti:

- Til Alexanders krónprins og Katrínar krónprinsessu í Serbíu, dagsett 10. janúar 2005.
- Til Georgi Parvanov, forseta Búlgaríu, dagsett 29. september 2005.
- Til Hu Jintao, forseta Kína, dagsett 20.07. 2005.
- Til Nursultan A. Nazarbayev, forseta Kasakstans, dagsett 12.01. 2006.
- Til Hu Jintao, forseta Kína, dagsett 01.08. 2007.
- Til Wen Jiabao, forsætisráðherra Kína, dagsett 01.08. 2007.
- Til Hamad Bin Khalifa Al Thani, emírs af Katan, dagsett 04.02. 2008.
- Til Mohammed Bin Zayed Al Nahyan, krónprins Abu Dhabi, dagsett 23.04. 2008.
- Til Hamad Bin Khalifa Al Thani, emírs af Katar, dagsett 22.05. 2008.

Á meðal þeirra bréfa sem voru birt eru þakkarbréf til Björgólfs Thors Björgólfssonar, fyrrverandi kjörræðismanns Íslands í Pétursborg, Jiangs Zemin, fyrrverandi forseta Kína, auk bréfa til Bills Clinton, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, og til Als Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna. Í fyrra bréfinu segir að Landsbankinn hafi áhuga á að fá Clinton til að halda fyrirlestur í boði bankans. Í bréfi Gores er greint frá áhuga Glitnis á að fá hann til að ræða um orkunýtingu. - jab

ÁÐEINS ÞESSA VIKU!
ALLIR RÉTTIR Á MATSEÐLI
990 Kr

ÓTRÚLEGT TILBOÐ!

Allir réttir á 990 krónur af matseðli þessa viku

Nýttu tækifærið og fáðu þér gómsætan austurlenskan mat á einstöku tilboði.

Coca-Cola

Tilboðið gildir um kvöld og helgar.

HÁDEGISTILBOÐ

5 tilbúnir réttir í borði alla daga.

Veljið tvo rétti fyrir 1.000 krónur
eða þrjá rétti fyrir 1.200
Borðað á staðnum eða tekið með.

TAKE AWAY SÉRTILBOÐ

fyrir fyrirtæki í hádeginu
Hringið og pantið
55 777 55.

ALLIR RÉTTIR ÁN MSG

Spice notar úrvalshráefni frá kjötvinnslunni ESJU

SPICE

AUSTURLENSKUR VEITINGASTAÐUR

LYNGHÁLSI 4 : 110 REYKJAVÍK
OPIÐ ALLA DAGA 11:30-21:00 : SÍMI 55 777 55

Norðmenn taka málin í eigin hendur af ótta við svínaflensuna:

Fá bóluefni send í pósti

HEILBRIGÐISMÁL Heilbrigðisyfirvöld í Noregi hafa varað fólk við því að fá sent til sín inflúensubóluefni í pósti frá öðrum löndum. Bóluefnið Pandemrix hefur verið notað gegn svínaflensunni en einhverjir hafa brugðið á það ráð að útvega sér annað lyf í pósti. Einungis heilbrigðisstarfsmenn og þeir sem eru í sérstökum áhættuhópi hafa verið bólusettir gegn svínaflensunni og almenn bólusetning verður líklega ekki fyrr en um miðjan nóvember. Óþolinmóðir Norðmenn hafa því tekið málin í sínar hendur. Oft eru það vinir sem búa erlendis sem senda þeim lyfin til Noregs, í mörgum tilfellum frá Bandaríkjunum.

„Við höfum varað fólk við því að fá sent til sín bóluefni í pósti vegna þeirrar miklu áhættu sem flutningur hefur í för með sér. Bóluefni eru viðkvæm fyrir frosti og háu hitastigi og þess vegna getur flutningur þeirra í pósti orðið til þess að áhrif þeirra verði engin eða að þau hafi fleiri aukaverkanir í för með sér," sagði Svein Rune Andersen, deildarstjóri hjá norska Ríkisspítalanum í viðtali við Aftenposten.

Einnig er óttast að svartamarkaðsbrask verði með bóluefnin. „Sá möguleiki er fyrir hendi og við vörum eindregið við bóluefnunum sem þar eru seld. Önnur lyf, eins og Viagra, getur maður keypt á netinu. En við vitum ekkert um gæði þeirra og notkun þeirra getur haft alvarlegar aukaverkanir," sagði Andersen. - fb

BÓLUSETNING Heilbrigðisyfirvöld í Noregi hafa varað fólk við því að fá bóluefni send til sín í pósti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjöldi útlendinga flytur til landsins

Mikil hreyfing er á fólki frá og til landsins. Um 2.500 útlendingar hafa flutt hingað á árinu og um 3.500 Íslendingar af landi brott. Opinn vinnumarkaður virkar, segir félagsmálaráðherra. Flestir Íslendingar fara til Norðurlandanna.

SAMFÉLAGSMÁL Tæplega 7.000 hafa flutt af landi brott á fyrstu níu mánuðum ársins og ef heldur fram sem horfir verður sú tala komin í 9.000 í árslok. Það er svipuð tala og í fyrra. Það sem skilur hins vegar á milli er að í fyrra voru Íslendingar 36 prósent þeirra sem fluttu af landi brott, en í ár stefnir í að þeir verði helmingur. Þetta kemur fram í tölum Creditinfo.

Þá hafa tæplega 4.000 flutt til landsins, þar af um 2.500 útlendingar. Langflestir þeirra eru Pólverjar, tæplega 1.000 talsins.

Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra segir þessar tölur sýna að opinn vinnumarkaður virki vel hér á landi. Ágætlega hafi gengið að taka á móti miklum fjölda útlendinga sem komu hingað til vinnu síðastliðin ár og sá hópur bregðist við framboði á vinnumarkaði og flytji burt, vanti vinnuna.

Árni Páll segir í raun að miðað við fréttaflutning hefði mátt búast við meiri brottflutningi Íslendinga, enda virki opinn vinnumarkaður í báðar áttir. Eðlilegt sé að fólk leiti sér vinnu þar sem hana er að fá og það sé engin uppgjöf. Betra sé að nýta sér þá möguleika sem fólk kann að eiga erlendis.

„Jákvæðu fréttirnar í þessu eru að hér er ekki alvarlegur útlendingavandi eftir þessa miklu þenslu og við glímum ekki við stórfelldan landflótta. Vinnumarkaður er opinn og hefur reynst í stakk búinn til að taka á móti mikilli þenslu og dragast hratt saman," segir Árni Páll.

Langflestir Íslendingar hafa flust til Norðurlandanna og flestir til Danmerkur, 1.091. Litlu færri hafa þó farið til Noregs, eða 1.042. Svíþjóð er þriðji vinsælasti áfangastaðurinn, en 501 hefur flust þangað.

Vinsældir Noregs hafa tekið stökk á milli ára, í fyrra fluttu aðeins 278 þangað allt árið, en eru nú ríflega þúsund. Flutningar Íslendinga til Noregs hafa því aukist um 275 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tíma í fyrra.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru um 25 prósent þeirra Íslendinga sem flust hafa til Noregs á þessu ári með vanskil í lögheimtuferli. kolbeinn@frettabladid.is

BÚFERLAFLUTNINGAR Fleiri Íslendingar hafa flutt af landi brott en í fyrra, þótt heildartala brottfluttra sé svipuð. Mun færri erlendir ríkisborgarar yfirgefa landið. Flestir Íslendingar fara til Norðurlandanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn mun í vetur bjóða upp á röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin svo því sé unnt að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins og móta fjárhagslega framtíð fjölskyldunnar.

22. október	Aðalbanki	Fjármálaskilningur
29. október	Mjódd	Fjármál heimilisins
5. nóvember	Ísafjörður	Fjármál heimilisins
12. nóvember	Akranes	Fjármál heimilisins
19. nóvember	Hamraborg	Fjármál heimilisins

Skráning fer fram á landsbankinn.is og í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á landsbankinn.is.

FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

FRÁ BYRJENDUM TIL SÉRFRÆÐINGA

Vefur, grafík og myndvinnsla

Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Hentar einnig vel þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar og bæklinga. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin.

- **Photoshop CS4**
- **Illustrator CS4**
- **InDesign CS4**

Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF)
Kvöldnám hefst 29. október. Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,-

Vefsíðugerð 1

Ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndnotkun.
Kennt er á Photoshop og Dreamweaver.
Kennt er tvisvar í viku. Morgun og kvöldbekkir.
Hefst 2. nóv. Lengd 47 std. Verð kr. 54.000,-

Vefsíðugerð 2

Framhaldsnámskeið í vefsíðugerð ætlað þeim sem lokið hafa grunni í Dreamweaver eða hafa góða almenna þekkingu á gerð heimasíðna. Aðalmarkmið námskeiðs er að gera þátttakendur sjálfbjarga við gerð flóknari heimasíðna í Dreamweaver og að þeir geti bjargað sér með eigin HTML forritun. Einnig að þátttakendur fái skilning á Flash og geti notað forritið þegar kemur að heimasíðugerð. (Hreyfimyndir, ofl.)
Kennt er tvisvar í viku og er hægt að velja um morgun - eða kvöldtíma.
Hefst 17. nóv. Lengd 44 std. Verð kr. 49.000,-

Stutt og stök námskeið (Sjá nánar á heimasíðu)

Dreamweaver grunnur
Lengd 26 std. Verð kr. 29.000,- Hefst 16. nóv.

Dreamweaver framhald
Lengd 21 std. Verð kr. 27.000,-. Hefst 1. des.

Flash
Lengd 21 std. Verð kr. 27.000,-. Hefst 17. nóv

Photoshop grunnur
Lengd 21 std. Verð kr. 27.000,-. Hefst 2. nóv.

Einföld myndbandavinnsla og Movie Maker
Þrjú kvöld. Verð kr. 21.000,-. Hefst 2. des.

Eldri borgarar 60+

Byrjendur 60+

Námskeið sérstaklega ætlað byrjendum 60 ára og eldri. Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra og reyndra kennara.
Tölvugrunnur, internetið og tölvupóstur.
Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13 – 16. Hefst 2. nóv. og lýkur 23. nóv.
Verð kr. 25.000,- (Kennslubók innifalin)

Framhald 60+

Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað á upprifjun, ritvinnsla og frekari æfingar í notkun internets (t.d. Facebook ofl.) og tölvupósts.
Kennt er þriðjuðjudaga og fimmtudaga kl. 13 – 16.
Hefst 3. nóv. og lýkur 24. nóv.
Verð kr. 25.000,- (Kennslubók innifalin)

Stafrænar myndavélar og tölvan 60+

Hér er tekið fyrir það helsta sem almennir notendur þurfa að kunna um stafrænar myndavélar og stillingar þeirra. Myndir færðar yfir í tölvu, skipulag myndasafns, einfaldar lagfæringar mynda og útprentun, myndir brenndar á CD diska, myndir sendar í tölvupósti ofl. (Picasa)
Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13 – 16.
Hefst 2. nóv. og lýkur 11. nóv. Verð kr. 15.000,-

Viðskiptagreinar

Fjárhagsbókhald

Microsoft Dynamics NAV

Nám ætlað þeim sem hafa einhvern bókhaldsgrunn að byggja á en þurfa að læra tölvufært bókhald í Navision.
Hefst 9. nóvember og lýkur 25. nóvember. Morgun og kvöldnámskeið í boði. Verð kr. 54.000,- (Allt kennsluefni innifalið)

Sérfræðinám

Windows 7 – Þekkingaruppfærsla

Um er að ræða þriggja daga námskeið þar sem farið er í allar helstu nýjungar í Windows 7. Námskeiðið er eins konar uppfærslunámskeið fyrir þá sem þekkja vel Windows XP
• Hefst 26. okt. (Uppselt) • Hefst 16. nóv (fá sæti laus)

CCNA Cisco Certified Network Associate

Enn hægt að bæta við þátttakendum.

Cisco Systems

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is

PRENTUN.IS



SÓLIN HYLLT Hindúi á Indlandi hyllir sólina á Chhath-hátíðinni í hofinu Durgiana í Amritsar. Á hátíðinni hyllir fólk náttúruöflin, sólina og árnar. NORDICPHOTOS/AFP

Verkfræðistofan Mannvit heldur áfram í orkuútrás:

Kanna jarðhita á grískum eyjum

ORKUMÁL Verkfræðistofan Mannvit vinnur nú að kortlagningu jarðhitasvæðis á grísku eyjunum Milos og Komolos fyrir gríska námafyrirtækið S&B minerals. Verkefnið hefur falist í hagkvæmniathugun og viðnámsmælingum. Fyrirliggjandi er viljayfirlýsing um frekari þátttöku Mannvits, verði farið út í virkjun á svæðinu, að sögn Sigurðar Lárusar Hólm, sviðsstjóra jarðhitarannsókna hjá Mannviti.

Þrír starfsmenn Mannvits voru í Grikklandi við mælingarnar ásamt starfsmönnum bandarísks undirverktaka. Ísor kom einnig að verkefninu.

Sigurður Lárus segir að fyrir um 30 árum hafi staðið til að nýta jarðhitasvæðið á Milos en vegna andstöðu íbúa var hætt við áformin eftir að ein til tvær holur höfðu verið boraðar nærri byggð.

MILOS Mannvit kannar nú jarðhita á grískum eyjum. NORDICPHOTO/GETTY

S&B Minerals, sem er stórt námafyrirtæki, ákvað nýlega að hasla sér völl í vistvænni orkuframleiðslu og samdi upphaflega við Mannvit um að gera hagkvæmniathugun og í framhaldinu var ákveðið að gera þessar mælingar á jarðhitageyminum og komast að því hvort hægt er að bora eftir jarðhita fjær byggð en áður var fyrirhugað.

Mannvit er umsvifamikið í jarðhitarannsóknum erlendis um þessar mundir. Auk verkefnisins í Grikklandi kannar fyrirtækið hagkvæmni þess að endurbyggja hitaveitu í Oradea í Rúmeníu og kortleggur stóran jarðhitageymi sem þar er að finna. - pg

Gordon Brown vongóður:

Spáir uppgangi í efnahagslífinu

BRETLAND Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, spáir því að efnahagslífið í Bretlandi muni ná að rétta úr kútnum fyrir byrjun ársins 2010.

Yfirlýsingin, sem birtist á heimasíðu forsætisráðherrans, kemur í kjölfar frétta um að efnahagur Bretlands hafi dregist saman um 0,4 prósent á þriðja ársfjórðungi ársins 2009.

„Við sjáum merki um stöðugleika víða, en þrátt fyrir það þurfum við að fara varlega og megum ekki skera niður útgjöld til félagsmála á svo erfiðum tímum. Það væri líkast sjálfsmorði," sagði Brown. - sm

NÁMSKEIÐ Í TÖLVUFÆRÐU BÓKHALDI

Nú býðst þér yfirgripsmikið námskeið hjá Landsteinum Streng í tölvufærðu bókhaldi sem er að mestu leiti niðurgreitt af Vinnumálastofnun (VMST) og þínu eigin stéttarfélagi!

Námskeiðið hefst 2. nóvember og verður kennt fyrir hádegi mánudaga til fimmtudaga í 4 vikur.

Helstu þættir sem farið verðu í:

- Grunnur
- Innkaup og birgðir
- Sala
- Samþykktarkerfi
- Fjárhagur
- Laun
- Innheimtukerfi
- Tollakerfi

Í lok námskeiðsins eru afhent vönduð kennslugögn sem koma að góðum notum til frekari færni í tölvufærðu bókhaldi.

Flest stéttarfélög veita styrk fyrir allt að 75% af námskeiðsgjöldum. VR veitir styrk fyrir allt að 75% af námskeiðsgjöldum eftir inneign og réttindum. Þeir sem koma á vegum VR eða VMST fá að auki 25% styrk frá Landsteinum Streng. Fullt verð fyrir námskeiðið án aðkomu stéttarfélags, VR eða VMST er 89.000 kr.

Nánari upplýsingar eru á www.ls.is og í síma 550 9090.
Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á nam@ls.is

Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics

LANDSTEINAR STRENGUR
Landsteinar Strengur hf. · Ármúla 7 · 108 Reykjavík
Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is · LS@LS.is
Okkar þekking - þitt forskot!

SANNKALLAÐUR STÓRLAX Sturla Birgisson veiddi þennan lax í ánni Yokanga í Rússlandi. Hann var 38 pund að stærð sem er algeng stærð í ánni Alta.

Verndarsjóður Orra Vigfússonar í veiðileyfauppboði:

Þrjár milljónir fyrir eina stöng í Alta

NÁTTÚRUVERND Verndarsjóður villtra laxastofna, NASF, undir stjórn Orra Vigfússonar, fékk í sinn hlut allt að fimmtán milljónir króna í árlegu veiðileyfauppboði sínu í Ósló. Meðal annars fengust þrjár milljónir fyrir eina stöng í tvo daga á frægasta veiðisvæði árinnar Alta í Noregi. Áin er nálægt bænum Alta sem er í Finnmörku í Norður-Noregi. Veiðivefurinn vötn&veiði segir frá þessu.

Veiðileyfin í Alta eru á frægasta svæði árinnar þar sem næsta útilokað er að tryggja sér leyfi. Þar veiða alltaf sömu mennirnir. Stangveiðiáhugamenn eru flestir sammála um það að áin sé ein besta laxveiðiá í heimi. Veiðileyfin sem voru til sölu að þessu sinni eru á svæði í ánni sem er frægt fyrir stórlaxa sína og er talið mesta stórlaxasvæði sem völ er á þar sem Atlantshafslax gengur úr sjó. Ekki er óalgengt að veiða 40 til 50 punda laxa í ánni en úr íslenskum ám er sjaldgæft að veiða laxa yfir tuttugu pundum að stærð.

Veiðileyfi á uppboðinu voru allt frá Argentínu til Íslands. Uppboðið byggir á því að leigutakar láta af hendi rakna veiðidaga til NASF til að styrkja verndarsjóðinn. NASF selur síðan dagana hæstbjóðendum. - shá

Big in Japan.

SHARP selur fleiri LCD tæki en nokkur annar í Japan, mesta samkeppnismarkaði heims. Reyndar fleiri en allir aðrir samanlagðir og hefur yfirburði á þeim markaði. Það kemur ekki á óvart þar sem þeir voru fyrstir til að framleiða LCD skjái og hafa selt meira en 25 milljónir LCD tæki. LCD tækin í stjórnklefa nýju Boeng 787 vélanna eru framleidd af SHARP

NÝTT! – 40" LED sjónvarp

LC-40LE600 LED

Full HD 1920 x 1080 WXGA upplausn (16:9) · Baklýsing: Full LED skjár · Birta: 450 cd/m2 · Sjónsvið: 176°/176° · 4 ms svartími · DVB-T móttakari - C.I. Rauf - USB · Líftími skjás: 100,000 klst. · Dolby Digital Plus - hljóð · Notar 40% minna rafmagn en LCD · Inngangar: 3 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video, 3,5mm jack hljóð

Verð kr. 339.900,-

FRÁBÆRT 42" LCD SJÓNVARP

LC 42DH77

· Stærð: 42" · Upplausn: 1920 x 1080 / 100Hz · Skerpa: 50.000:1 Dynamic · Birta: 450 cd/m2 · Sjónsvið: 176°/176° · Svartími: 4 ms · Þrjú stafræn HDMI tengi og PC-tölvuinngangur DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort · HDTV móttakari ·Tengingar: 3 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D- Sub), AV/S-Video, 3,5mm jack hljóð, USB

Listaverð kr.: 339.900,- ***// Tilboðsverð: 289.900,-***

LC32DH57SBK

POTTÞÉTT 32" LCD SJÓNVARP

· Stærð: 32"
· Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
· Stafrænn DVB-T móttakari
· Skerpa: 10.000:1
· Birta: 450 cd/m2
· Sjónsvið: 176°/176°
· Svartími: 6 ms
· Inngangar: 3 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video, 3,5mm jack hljóð

Verð kr.: 149.900,-

FLOTT HLJÓMTÆKJASTÆÐA Á GÓÐU VERÐI

· USB afspilun
· Hljóðstyrkur 2 X 10W RMS
· Spilar MP3/ WMA / CD -R/RW
· Tvískiptir hátalarar

Verð kr. 29.900,-

DRAUMAVÉLIN FRÁ OLYMPUS

FE-4000

12 milljón pixlar · 4x aðráttarlinsa (36-180mm) · Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár · Sérlega einföld og þægileg í notkun · 13 handhægar tökustillingar · Face Detection til að ná góðum andlitsmyndum · Videoupptaka með hljóði · Tekur xD og SD minniskort · Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5cm fjarlægð · Lithium hleðslurafhlaða og hleðslutæki fylgir

Verð kr. 28.900.-

MEISTARASTYKKI FRÁ OLYMPUS

MJU-550WP

10 miljón pixlar · 3 x aðráttarlinsa (38-114mm) · Hristivörn · Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár · **Höggheld** (1,5m) · **Vatnsheld** niður á 3 metra · Þolir allt að 10° frost · 13 handhægar tökustillingar· Videoupptaka með hljóði · Tekur xD minniskort og SD· Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5cm fjarlægð · Hleðslutæki og Lithium-ion rafhlaða fylgir

// Tilboðsverð kr. 33.900.-

Pioneer

VSX-519V-K Magnari

5 x 130 RMS @ 8 ohm · Styður Dolby Digital, Dolby Digital EX, DTS, DTS-ES · A og B rásir aðskildar / FM/AM útvarp með RDS · USB inngangur / HDMI 2 x inn / 1 X út

Verð kr. 76.900,-

Pioneer

DV-420V-S DVD spilari

Uppfærir mynd upp í HD upplausn (720p/1080P) · HDMI · Spilar DVD, (XS)VCD, -CD, CD-R/RW og DVD-R/RW diska, DivX/JPEG myndir, USB tengjanl. MP3 og WMA tónlist · Upptaka og afspilun gegnum UBS tengið

Verð kr. 25.900,-

Pioneer

DEH-1100MP
Bíltæki

4x50W Mosfet magnari · Útvarp með FM/MW/LW - 18 stöðva minni · Aux inn / Spilar: MP3, WMA / 5 forstilltar stillingar á tónjafnara

Verð kr. 23.900,-

47542

Verbatim

Háskerpu sjónvarps-flakkari með 500 GB hörðum disk og upptöku úr sjónvarpi

Með innbyggðum DVB-T og analog sjónvarpsmóttakara og virkar einnig eins og venjulegur sjónvarpsflakkari

Verð 69.900,-

Nintendo

DS Lite

EIN ALLRA VINSÆLASTA LEIKJATÖLVA HEIMS

Verð kr. 29.900,-

Skullcandy

Heyrnartól

Magnað úrval!

Jamo

I-200

Hágæða i-Pod vagga

Flott fjarstýring fylgir

// Tilboðsverð kr. 19.900,-

ORMSSON

ORMSSON **SMÁRALIND** SÍMI 530 2900
ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535
ORMSSON **MODEL-AKRANESI** SÍMI 431 3333
ORMSSON **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751
ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000
ORMSSON **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515
ORMSSON **VÍK-EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038
ORMSSON **PAN-NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900
ORMSSON **ÁRVIRKINN-SELFOSSI** SÍMI 480 1160

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

Komdu í heimsókn – og upplifðu gæðin!

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hugmyndaþing í Ráðhúsi Reykjavíkur:

Betri Reykjavík fyrir alla

ÞORKELL SIGURLAUGSSON SKRIFAR

Í gær var Hugmyndaþing haldið í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem fjöldi fyrirlesara og annarra þátttakenda kom sama og ræddu stefnu og framtíðarsýn höfuðborgarinnar. Áherslur borgarbúa snúast eðlilega mikið um sjálfbærni, umhverfismál og almenn lífsgæði borgarbúa. Þétta þarf byggðina og sinna betur mannlegum þörfum og lífsgæðum í stað ofuráherslu á mannvirkjagerð.

Í fyrirlestri mínum taldi ég að borgin ætti að setja sér það sem markmið á næstu tíu árum að yfirgnæfandi meirihluti bifreiða í borginni yrði knúinn rafmagni eða öðrum umhverfisvænum orkugjöfum. Rafmagnið er þar langáhugaverðasti kosturinn. Það sparar mikinn kostnað við innflutt eldsneyti og dregur verulega úr loft- og hljóðmengun. Við verðum þá ótvírætt í fremstu röð í heiminum á þessu sviði og gætum þannig skapað okkur vissa sérstöðu. Það gerðum við snemma á síðustu öld með Hitaveitu Reykjavíkur sem hefur sparað borgarbúum og þjóðinni allri stórfé. Bíllinn getur áfram verið þarfasti þjónninn, án mengunar, auk þess sem hjól og almenningssamgöngur munu áfram gegna mikilvægu hlutverki.

Síðastliðið föstudagskvöld var þáttur á Stöð 2 þar sem Auddi og Sveppi fóru á milli staða í hjólastól. Þar kom vel í ljós hvað margir staðir í borginni meðal annars Landsbanki Íslands eru ekki með aðgengi fyrir alla. Tillitssemi og hjálpsemi flestra borgarbúa er mikil, en sumir fá falleinkunn. Eigendur gamla Landsbanka Íslands eyddu hundruðum milljóna í margs konar stuðning við íþróttastarf, listir, menningu og glæsilegar utanlandsferðir fyrir stærstu viðskiptavini bankans. En það virðist ekki hafa skipt máli að allir hefðu aðgengi að bankanum. Afsökun starfsmanns Landsbankans í þessum sjónvarpsþætti um að húsið væri 123 ára gamalt, og þá voru hjólastólar ekki til, var hlægileg og dæmigerð um skilningsleysi. Auk þess er þessi hluti Landsbankabyggingarinnar mun yngri. Auðvitað þarf aldur húsnæðis ekki að vera afsökun. Höfði, Þjóðmenningarhúsið, Eimskipafélagshúsið þar sem nú er hótel 1919, Hótel Borg, Dómkirkjan, aðalbygging Háskóla Íslands og fjölmargar aðrar gamlar byggingar í borginni eru komnar með aðgengi og snyrtiaðstöðu fyrir alla.

Það er þakkarvert hvað Reykjavíkurborg hefur lagt mikið í göngu- og hjólaleiðir í borginni. Það er víða orðið þokkalega auðvelt að ferðast um á hjóli, hjólastól, rafskutlu eða með barnavagn yfir götur og gangstéttar, þótt enn sé mikið verk að vinna. Ferðaþjónusta fatlaðra og fjölmargir aðgengilegir leigubílar gera auk þess öllum auðvelt að komast ferða sinna. Þannig er það alls ekki í öllum borgum erlendis. Reykjavíkurborg þarf aftur á móti að fylgja sterkar eftir að stofnanir, fyrirtæki og verslanir í borginni séu með aðgengismál í lagi.

Við öll þurfum að halda vöku okkar og beita okkur fyrir aðgengilegu þjóðfélagi fyrir alla, án þess að fara út í einhverjar öfgar. Við getum gert góða borg enn betri, og þá fyrir alla.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

GIGTARFÉLAG ÍSLANDS

Að lifa með gigt
Fræðslufundur fyrir aðstandendur

Gigtarmiðstöðin Ármúla 5 - 27. október - kl. 19:30

Þekking eykur skilning
Elínborg Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur og Inga Hrefna Jónsdóttir sálfræðingur munu fjalla um einkenni og fylgikvilla gigtar.

Allir eru velkomnir

Gigtarfélag Íslands

FRÁ DEGI TIL DAGS

Umfjöllunin
Upp er runnin síðasta vinnuvika Baldurs Guðlaugssonar í menntamálaráðuneytinu. Hann óskaði á föstudag eftir að fá að láta af embætti ráðuneytisstjóra um mánaðamót. Baldur sætir rannsókn sérstaks saksóknara sem grunar að hann kunni að hafa selt hlutabréf í Landsbankanum rétt fyrir hrun á grundvelli upplýsinga sem hann bjó yfir vegna stöðu sinnar sem ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu. Það er hins vegar ekki ástæða afsagnar Baldurs. Hún er til komin vegna frétta af þeirri sömu rannsókn. Umfjöllunin truflar Baldur, ekki rannsóknin.

Sama saga
Baldur fer í flokk með nokkrum öðrum sem hafa þurft að hverfa úr störfum vegna frétta og umræðu en ekki vegna einhvers sem þeir gerðu. Í kompaníinu eru til dæmis Erlendur Hjaltason sem var formaður Viðskiptaráðs, Þór Sigfússon sem var formaður Samtaka atvinnulífsins og Magnús Árni Skúlason sem sat í bankaráði Seðlabankans.

Lausnir
Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra sagði í Fréttablaðinu á laugardag að litla framtíðarsýn væri að finna meðal forystu Framsóknarflokksins. Sama dag birtist grein í Mogganum eftir Þóreyju A. Matthíasdóttur, formann Landssambands framsóknarkvenna. Hún segir skorta á framtíðarsýn stjórnvalda í atvinnumálum og er hugsi yfir andleysi nýsköpunar. Öfugt við flesta lætur Þórey sér ekki duga að nöldra, hún leggur fram hugmyndir. „Af hverju er til dæmis ekki farið að framleiða einnota bleiur, dömubindi og jafnvel leðurskó?“ spyr Þórey. Þessu þarf iðnaðarráðherra vitaskuld að svara.

bjorn@frettabladid.is

Niðurlæging þjóðar

NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK
Í DAG | Hrunið

Það er rétt sem Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði á dögunum: Þjóðin hefur verið niðurlægð. Hún hefur verið niðurlægð svo skelfilega, að hún berst nú við þrenninguna reiði, skömm og sorg. Formanni Sjálfstæðisflokksins láðist hins vegar að bæta við, að það er hans eigin flokkur sem ber meginábyrgð á niðurlægingunni. Út á þá ógæfubraut var lagt þegar sjálfstæðismenn fleygðu Þorsteini Pálssyni fyrir Davíð Oddsson. Stjórnarhættir hans einkenndust af meiri eignatilfærslu en áður eru dæmi um í sögu okkar, fyrst með kvótakerfinu og svo með einkavæðingu bankanna, – ekki að þetta tvennt hafi í eðli sínu verið fordæmanlegt, heldur hvernig var að því staðið. Það var hægt með dyggum stuðningi Framsóknarflokksins undir forystu Halldórs Ásgrímssonar, sem síðar smitaðist af þránni að vera skráður forsætisráðherra án þess að gera sér grein fyrir að slíkri skráningu getur fylgt háðsmerki, þegar frá líður.

Ég lít svo á, að þessir tveir stjórnmálaflokkar, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, hafi staðið fyrir þvílíkri spillingu undir formerkjum nýfrjálshyggju, að þess sjáist fá dæmi, jafnvel þótt farið sé með stækkunargleri yfir landabréf heimsins. Nú voru leiddir til öndvegis fjárglæframenn sem reyndust hreinir spilafíklar og urðu nær alls ráðandi í fjármálum þjóðarinnar. Mikill hluti landsmanna varð meðvirkur, fékk glýju í augun og gekk nánast hortugum skrefum rakleiðis inn í álagafjötra þessarar spilaborgar. Sem auðvitað hlaut að hrynja eins og allar spilaborgir.

Svo tók Geir Haarde við stjórnartaumum og Framsóknarflokknum fyrst – síðan Samfylkingunni.

Forystu hans finnst mér að helst megi líkja við, að þar hafi farið blindur og heyrnarlaus maður sem síðasta spölinn renndi sér einhvers konar hægfara fótskriðu á svelli andvaraleysis og óskiljanlegrar linkindar Samfylkingarinnar. Það verður, því miður, að skrifa að miklu leyti á ábyrgðarreikning Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Hennar miklu mistök voru að mynda þessa ógæfustjórn með Sjálfstæðisflokknum. Kannski hefur óþol forystu Samfylkingarinnar og valdalöngun ráðið miklu. Um það veit ég ekki. En hitt veit ég, að flokkur sem kennir sig við jafnaðarstefnu, getur ekki stutt ójöfnuð nýfrjálshyggjunnar. Það hlýtur að enda með ósköpum. Sem það og gerði.

Af þessum sökum, eftir það sem á undan er gengið, er nánast furðulegt og reyndar aumkunarvert að verða nú vitni að framgöngu tveggja forystumanna stjórnarandstöðunnar, þeirra Bjarna Benediktssonar og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanna mestu spillingarflokkanna – þótt þeir hafi ekki ráðið persónulega fyrri tíð. En þeir hafa tekið við forystu og þar með ábyrgð þessara stjórnmálaflokka. Þegar ný ríkisstjórn, undir leiðsögn Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra, horfist einarðlega í augu við illviðráðanlegan, blákaldan veruleika og segir að íslensk þjóð ætli sér að axla ábyrgð afglapanna – þá koma þessir menn einna helst fram eins og óábyrgir óvitar. Sá fyrrnefndi lætur að vísu örla á ráðvillu örvæntingar í augnaráðinu – það má hann eiga. En hinn er sígjammandi líkt og götustrákur sem ekki hefur lært almenna mannasiði. Sem á nú reyndar við um fleiri. Fyrir skemmstu var haft eftir ágætum manni: Það er dapurlegt að sjá hvað Framsóknarflokkurinn yngist illa.

Hinu skyldi enginn gleyma, að innri mein verða ekki læknuð með plástrum. Sama gildir um spilafíkn og aðrar fíknir. Hún verður ekki læknuð með neinum tæknilegum eða hagfræðilegum aðferðum. Og alls ekki með því að leyfa spilafíklum að halda áfram að fara með fjármuni. Það kunna þeir allra manna síst. Það sem við höfum gengið í gegnum má kannski helst líkja við hundahreinsun heillar þjóðar. Að minnsta kosti hefur okkur verið dýft í kaf. Ekki veit ég hvort það dugir. Við sem stöndum álengdar og horfum á sífellt hanaat stjórnmálamanna, við þykjumst sum hver vita, að sálarmein og fíknir verða einungis leystar með viðurkenningu á vanmætti og hugarfarsbreytingu. Við erum að bíða eftir henni. Hvar er hún? Hvenær kemur hún?

Höfundur er rithöfundur og prófessor emeritus.

Aflaráðgjöf sjómanna

UMRÆÐAN
Kristinn H. Gunnarsson skrifar um sjávarútveg

KRISTINN H. GUNNARSSON

Hafrannsóknastofnun hefur ekki tekist að kveða niður langvarandi óánægju með veiðiráðgjöf stofnunarinnar. Vantraust sjómanna í garð stofnunarinnar hefur farið vaxandi og er svo komið að nær alger trúnaðarbrestur virðist vera milli sjómanna og stofnunarinnar. Að sönnu er vitneskja sjómanna engan veginn tæmandi né óbrigðul, en á hitt er líka að líta að þekking vísindamanna á lífríki hafsins og viðgangi fiskistofna er háð miklum takmörkunum. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar hefur reynst víðs fjarri því að vera óskeikul og sjómenn hafa gagnrýnt veigamikla þætti í rannsóknaraðferðum stofnunarinnar. Síðustu ár hafa stjórnvöld fylgt nær eingöngu ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar. Þekking og álit sjómanna hefur verið fyrir borð borið. Við þetta er ekki gott að búa. Það vantar of mikið af upplýsingum og þekkingu um fiskistofnana til þess að veiðiráðgjöf sé á nægilega traustum grunni.

Landssamband smábátasjómanna hefur sambykkt, að undirlagi Guðmundar Halldórssonar fyrrverandi formanns Eldingar, félagsins í Ísafjarðarsýslum, að koma á ráðgefandi nefnd sjómanna til þess að gefa árlega rökstudda ráðgjöf um heildarafla á hverju ári. Rætt verður við aðila í sjávarútvegi og stefnt að því að ná samstöðu innan greinarinnar. Ætlunin er að leggja ráðgjöf sjómanna fyrir sjávarútvegsráðherra, þannig að hann hafi tvö álit um veiðar til að styðjast við þegar hann tekur ákvörðun um veiðar úr fiskistofnunum. Annað frá Hafrannsóknastofnun og hitt frá sjómönnum.

Gert er ráð fyrir að ráðgjafarnefnd sjómanna afli gagna um lífríkið í hafinu, veiðar, veiðisvæði og veiðarfæri og aðrar upplýsingar sem sjómenn draga saman við störf sín. Þessi gagnagrunnur mun eflast með árunum og bæta matið á burðarþoli fiskistofnanna. Ég tel engan vafa leika á því að aflaráðgjöf sjómanna með þessum hætti mun verða tekin alvarlega af ráðherra. Óviðunandi er að búa við ástand þar sem þekking sjómanna er virt að litlu. Sjómenn eiga hiklaust að taka málin í sínar hendur og láta til sín taka á þessu sviði.

Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

ÞORPIÐ – skapandi samfélag á Austurlandi er hönnunar- og nýsköpunarverkefni sem kynnt verður formlega á tveimur kynningarkvöldum í Sláturhúsinu á Egilsstöðum á þriðjudag og miðvikudag. Blásið verður til málþings um verkefnið á Eiðum á fimmtudagskvöld. www.honnunarmidstod.is

OTTO CHEMIE
Þéttiefni - Límefni

Lím og þéttiefni í úrvali
Tré & gifsskrúfur.
Baðherbergisvörur og höldur.
Glerjunarefni.
Hurðarhúnar og skrár.
Rennihurðajárn.
Hurðarpumpur.
Rafdrifnir hurðaropnarar.
Hert gler eftir máli.

GEZE

JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin.
104 Reykjavík S: 58 58 900. - www.jarngler.is

Viðhaldsfríar
ÞAKRENNUR
Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri" klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar" þakrennur.
Rennurnar frá Grövik Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.
Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.
Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.

Hágæða
Varmaskiptasamstæður
loftræstistokkar og tengistykki

HAGBLIKK ehf.
Smiðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Buffetið er frá því um aldamótin 1900. FRÉTTABLAÐÐ/GVA

Dóttirin mun erfa gripinn

Aldargamalt buffet á sér heiðurssess í stofunni hjá Þuru Stefánsdóttur en það er ættargripur frá langömmu hennar. Buffetið er ætlað Sigurjónu dóttur Þuru sem ber sama nafn og langalangamman.

Snyrti- og förðunarfræðingurinn Þura Stefánsdóttir er ekki lengi að hugsa sig um þegar hún er beðin um að benda á eftirlætishlut sinn á heimilinu. „Það er aldargamalt buffet sem ég erfði eftir langömmu mína Sigurjónu Einarsdóttur. Það er svarbrúnt að lit með útskornu munstri og spegli og er að því ég best veit frá því um aldamótin 1900. Það minnir örlítið á snyrtiborð en er þó hugsað sem stofustáss."

Í buffetinu geymir Þura allt sitt persónulegasta. „Þarna eru fæðingarvottorð og einkunnir barnanna minna ásamt reykelsum, kertum og öðru fíneríi." Ofan á buffetinu er mynd af móðurömmu Þuru ásamt kertastjökum og blómavasa. „Ég er mikil kertakona og kveiki nánast daglega á kertum."

Þó að Buffetið sómi sér vel í stofunni hjá Þuru þá mun það ekki standa þar alla tíð. Það er ætlað dóttur hennar Sigurjónu Sigurðardóttur sem heitir í höfuðið á langalangömmu sinni. „Hún á að fá það þegar hún fer að búa en ég vona að ég fái að geyma það næstu fimmtán ár eða svo."

Þura blandar saman gömlum og nýjum húsgögnum á heimili sínu og vill hafa umhverfið persónulegt. „Ég vil ekki búa í sýningarstofu og legg frekar upp úr því að skapa umhverfi þar sem fólki líður vel. Ég er með alls kyns viðartegundir í bland og hrífst af hlýjum jarðlitum."

Þura opnaði snyrtimiðstöðina Gallerí Útlit ásamt þeim Guðrúnu Bjarnadóttur og Örnu Eyjólfsdóttur í vor en þar er boðið upp á alla almenna snyrtingu fyrir konur og karla. Þá er hún sífellt að hanna og bæta inn í förðunarlínuna sína MakeupTime4U en útsölustaði og vefverslun er að finna á www.makeuptime4u.is.

vera@frettabladid.is

Fyrst og fremst í heilsudýnum
Svefn & heilsa
★★★★★
6 mán. vaxtalausar greiðslur
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is

HEIMILI

VAX Í DÚKUM getur verið erfitt að losna við. Ein leið er að strengja dúkinn á skál eða hring og festa með gúmmíbandi, skrapa mesta vaxið af og láta síðan sjóðandi vatn renna í gegnum dúkinn. Vaxið leysist þá upp og skolast í burtu.

Tréð sem geymir bækur

HILLUR SEM MYNDU SÓMA SÉR VEL Í BARNAHERBERGI.

Kóreski hönnuðurinn Shawn Soh hefur næmt auga fyrir fegurðinni. Það sést vel á þessum ævintýralegu bókahillum sem annars vegar líkjast tré og hins vegar hreindýri. Það er skemmtilegt til þess að hugsa að bókin sem er í raun gerð úr tré, verði að lokum geymd í tré.

Kindahorn sett í nýtt samhengi.

Mirra Sigmundsdóttir og Olgu situr á pullu sem hekluð er með risaheklunál úr ull og grófri línu.

Olga og Elísabet undir ljósakrónu sem þær fundu á markaði og hekluðu utan um. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hannað í íslenskum anda

Endurnýting er í hávegum höfð hjá Elísabetu Jónsdóttur og Olgu Hrafnsdóttur sem sýna nú í Kirsuberjatrénu á Vesturgötu 4. Gamlar lopapeysur öðlast til dæmis alveg nýtt líf í höndum þeirra.

„Við fókuserum á að vera umhverfisvænar og viljum sýna fram á að hægt sé að gera flotta og ferska hluti upp úr gömlu. Notum mikið íslensku ullina," segir Elísabet þegar hún lýsir áherslunum í eigin hönnun og Olgu Hrafnsdóttur sem saman framleiða undir merkinu Volka. Sýning þeirra í Kirsuberjatrénu nefnist Húsgögnin í herberginu og þar sést meðal annars að gamlar lopapeysur geta sem best nýst sem húsgagnaáklæði og treflar. „Lopapeysan er flott hráefni sem búið er að leggja mikla vinnu í og auk þess svo hlýleg að yndislegt er að hafa hana nálægt sér í híbýlunum," benda þær á.

Eitt af því sem þær framleiða með risaheklunál eru stórar pullur. Fyrir eina slíka fengu þær tilnefningu til verðlauna á Handverkssýningunni að Hrafnagili í sumar. Hún er úr ull og grófri línu og tengir því saman landbúnað og sjávarútveg.

Elísabet er grafískur hönnuður og hefur einnig numið innanhússarkitetúr og Olga er trésmiður. Þær hafa verið búsettar í Haag í Hollandi undanfarin ár en nú er Elísabet nýflutt heim. Þær héldu sína fyrstu sýningu í Hollandi í fyrra. Vörur þeirra eru til sölu í vefversluninni www.skoonecodesign.nl og Hraunhúsum í Mosfellsbæ.

gun@frettabladid.is

Stóll sem gerður er úr hliðum sjö gamalla stóla sem seturnar voru ónýtar á. Sem sagt 100 prósenta endurnýting.

Rauðakrosshúsið

Allir velkomnir!

Ókeypis námskeið og ráðgjöf

Mánudagur 26. október

Art of living - Slökun og öndun – Æfingar sem allir geta nýtt sér. Tími: 12.00-13.00.

Sálrænn stuðningur - Fjallað er um áhrif alvarlegra atburða á andlega líðan fólks. Tími: 13.00-14.30.

Prjónahópur - Vertu með! Tími: 13.00-15.00.

Hreyfing og markmiðasetning - Fjallað verður um gildi hreyfingar fyrir vellíðan okkar og hvernig má setja sér raunhæf markmið um aukna hreyfingu. Tími: 15.00-16.00.

Þriðjudagur 27. október

Qi – Gong - Æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.

Gönguhópur - Við klæðum okkur eftir veðri og göngum rösklega út frá Rauðakrosshúsinu. Tími: 13.00 -14.00.

Skiptifatamarkaður - Útiföt barna - Komdu og skiptu útifötum barnanna í aðrar stærðir og gerðir. Tími: 13.30 -17.00.

Farsíminn þinn II – Örnámskeið fyrir þá sem þegar kunna að nota algengustu valmöguleikana. Tími: 13.30-14.30.

Baujan sjálfstyrking - Fullt! Tími: 15.00 -16.30.

Tónlist sem eflandi og þroskandi afl - Móeiður Júníusdóttir fjallar um tónlistaruppeldi í máli og tónum. Tími: 15.00 -16.00.

Miðvikudagur 28. október

Atvinnuviðtalið - Gunnar frá Capacent gefur góð ráð um hvernig maður best er að bera sig að í atvinnuviðtölum og hvað á alls ekki að gera. Tími: 12.30 - 13.30.

Tölvuaðstoð - Fáðu persónulega aðstoð og komdu með eigin tölvu ef þú getur. Tími: 13.30-15.30.

Bókaklúbbur - Spjallað verður um bókina Nornin í Portobello eftir Paulo Coelho. Tími: 14.00-15.00.

Verkefni Rauða kross Íslands - Hvað getur þú lagt af mörkum? Tími: 14.00-15.00.

Hjólaviðgerðir og vetrarundirbúningur - Mættu á hjólinu og lærðu að viðhalda því. Tími: 15.30-16.30.

Fimmtudagur 29. október

Af hverju verðum við meðvirk? - Hvaða aðstæður og umhverfi valda meðvirkni? Tmi: 12.15-13.15.

Föndur, skrapp-myndaalbúm og jólakort - Gott er að hafa skæri meðferðis. Tími: 13.00-15.00.

Saumasmiðjan - Gerðu nýjar flíkur úr gömlum fötum og lærðu að breyta og laga. Komdu með saumavél ef þú getur. Tími: 13.00-15.00.

Náms- og starfsráðgjöf - Skráning nauðsynleg. Tími: 13.00-15.00.

Jóga - Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

Föstudagur 30. október

Spænska og menning hins spænskumælandi heims – Þriðji hluti af fjórum. Framhald frá því í ágúst. Tími: 12.30-14.30.

Íslenskuspilið – Höfundurinn kennir glænýtt spil sem nýta má í íslenskunámi útlendinga. Komdu og spilaðu með! Tími: 13.00-15.00.

Hláturjóga - Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.

Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Borgartúni 25 | Reykjavík | Sími 570 4000 | raudakrosshusid@redcross.is | www.raudakrosshusid.is | Opið virka daga kl. 12-17

Sítróna og salt er það eina sem þarf til að þrífa kopar. Sítrónan er skorin til helminga og salti stráð í sárið. Síðan er koparinn nuddaður með sítrónunni þar til hann er orðinn skínandi fínn.

www.martha-stewart.com

híbýli og viðhald

MÁNUDAGUR 26. OKTÓBER 2009

FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

● KÍKTU Í KISTUNA MÍNA



Þetta leikfang eru úr smiðju japanska hönnuðarins Shin Tanaka, sem er þekktur fyrir graffíti-pappírslistaverk sín. Tanka vakti fyrst athygli þegar hann fór að búa til pappaeftirlíkingar af uppáhaldsstrigaskónum á námsárunum. Hann var þá fátækur námsmaður og hafði ekki efni á þeim þannig að pappaskórnir komust næst þeim draumi. Uppátækið vakti athygli Nike og Adidas sem réðu hann til starfa og eftir það tók ferill Tanaka á flug. Nýlega er hafin framleiðsla á leikföngum sem byggja á verkum hans.

● FÚINN VIÐUR Fúinn við þarf að fjarlægja og finna orsökina fyrir skemmdinni. Hugsanlega getur fúinn hafa myndast vegna leka eða ónógrar loftræstingar.

Í bókinni Verk að vinna – handbók um viðhald, viðgerðir og smíðar er bent á að of margar umferðir fúavarnar á veggi utanhúss gera ógagn. Við það getur raki lokast í viðnum og valdið fúaskemmdum. Þar er einnig bent á hvernig má athuga hvort fúi er kominn í við: Stingdu hnífsoddi í við á álagstöðum svo sem undir gluggum, við niðurfallsrör við þakrennur og slíka staði. Gangi oddurinn tvo millimetra eða svo inn í viðinn er allt með feldu en fangi hann fyrirstöðulítið lengra inn í viðinn er hætta á ferð. Fjarlægðu allan morknaðan við, láttu svo sárið standa opið áður en viðarvörn er borin á og bættu svo svæðið með gagnvörðum viðarbút.

● UNDIR ÁHRIFUM FRÁ GAUDI

Þennan stól hannaði Hollendingurinn Bram Geenen og kallar Gaudi-stólinn. Heiti hans skírskotar til þess að stóllinn er búinn til með svipuðum aðferðum og spænski arkitektinn og hönnuðurinn Antoní Gaudi lét byggja kirkjur sínar og þar á meðal meistaraverk sitt, la Sagrada Familia í Barcelona. Stóll Geenens er hluti af Furnistructure-verkefninu þar sem markmiðið var að nota létt efni í hönnun húsgagna og annarra innanstokksmuna. Geenen á um þessar mundir í samstarfi við TNO um þróun og framleiðslu á Gaudi-stólnum.

Reyndu að hafa vinnuaðstöðuna þína í námunda við stóran glugga þar sem birtu nýtur við.

Passaðu að allt virki og gangi á heimilinu, hvort sem er gamli skífusíminn eða gamla klukkan.

Lampar ættu að vera helst að vera með hvítum skermi til að gefa sem besta birtu í skammdeginu.

Heimilið getur bæði íþyngt og létt lund

Skammdegið nálgast og heimilið verður manns helsti griðastaður yfir veturinn. Það er ótrúlegt hve auðvelt er að létta lundina með réttu litavali á heimilinu og lýsingu.

Gullnu reglurnar þrjár í heimilisfræðum eru þessar: skipulag, þrifalegheit og virkni. Því meiri óreiða, hvort sem hún nær alveg til yfirborðsins eða er bara í geymslunni hjá okkur – getur virkað íþyngjandi. Því er gott að hafa í huga strax um haustið að reyna að skipuleggja aðeins uppröðun í skápum og skúffum og númer eitt, tvö og þrjú er að losa sig við það sem maður hefur ekki not fyrir.

Það sama gildir um hreint umhverfi og þegar talað eru um virkni er átt við að leyfa ekki rafmagnstækjum, lömpum og ljósum að standa biluð eða perulaus. Fyrsta reglan til dæmis í Feng-Shui fræðunum er að geyma aldrei hluti sem eru ónýtir eða bilaðir. Henda eða koma þeim strax í lag. Oft er talað um „hvíta fílinn“ í þessu samhengi. Að bleiki fílinn í stofunni, sem angrar þig, þegar þetta þrennt er ekki í lagi – breytist í eitt stykki hvítan.

Ekki má gleyma litavali. Rauður og appelsínugulur ættu alls ekki að vera afgerandi í rými þar sem slakað skal á, þar sem þeir koma róti á hugann. Rauðir litir í fylgihlutum geta þó glatt, nægir þar jafnvel einn vasi eða rammi.

Þess mun heldur ættu hlýir viðartónar, blár og grænn að vera til staðar þar sem þeir hafa róandi áhrif. Það skiptir þó máli hvernig blár og hvernig grænn er valinn. Ekki velja klósettbláan eða spítalagrænan.

Að lokum er þess vert að minnast á fjölskyldumyndir. Settu myndir af þínum nánustu, þar sem þeir eru brosandi og glaðir, í ramma og raðaðu í kringum þig. Oft er nóg að líta á myndirnar til að líða betur.

- jma

Húsögn seld til Danmerkur

„Aldrei hefði mér dottið í hug þegar ég hóf ferilinn árið 1958 að ég ætti nú eftir að selja húsgögn til Danmerkur. Annað kom heldur betur á daginn,“ segir Sigurður Mar Helgason húsgagnahönnuður, sem hefur gert samning um að sýna verk sín í hönnunarrými dönsku stórverslunarinnar Magasin du Nord.

Í versluninni verður eitt þekktasta verk Sigurðar, gærukollurinn Fuzzy, til sýnis í sérstöku hönnunarrými fyrir spennandi húsögn. Sigurður hannaði og smíðaði fyrsta eintakið af honum árið 1972, lítinn koll með sútaðri lambsgæru. Það er lambsgæra með ullinni eins og hún kemur af kindinni, en fæturnir eru síðan renndir í líki vatnsdropa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég er að koma með afmælisútgáfu af kollinum, í tilefni þess að hann verður þúsundasta eintakið,“ segir Sigurður.

Sigurður mun vera fyrsti Íslendingurinn sem sýnir hönnunarverk í þessari ástkæru verslun Dana. „Ég veit ekki hvað kom til að þeir höfðu samband við mig,“ segir Sigurður. „Hugsanlega vegna þess að húsgögn eftir mig hafa verið á sýningunni Scandinavian Design vítt og breitt um Evrópu og Bandaríkin.“

Þess má geta að Fuzzy fæst á Þjóðminjasafninu, í Epal, Kraum og Mýrinni.

- rve

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðumúli 27 • Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

Reynslumikið starfsfólk með yfir 130 ára reynslu við fasteignasölu.

Þarftu að selja/skipta? Þú hringir! Við komum! það ber árangur.
Hvað kostar eignin mín í dag ? Við metum þér að kostnaðarlausu. Hafðu samband í síma: 588-4477

Ingólfur Gissurarson s: 896-5222 Lögg.fast.Sali.
Bárður Tryggvason s: 896-5221 sölustjóri
Heiðar Friðjónsson s: 693-3356 Lögg.fast.Sali.
Ellert Róbertsson s: 893-4477 sölumaður
Halla Unnur Helgadóttir s: 824-5045 Lögg.fast.Sali.
Páll Hösk uldsson s: 864-0500 sölumaður
Sigþór Bragason s: 899-9787 Lögg.fast.Sali.
Jón Rafn Valdimarsson s: 695-5520 Lögg.fast.Sali.
Margrét Sigurgeirsdóttir s: 866-1515 skrifstofustjóri.

fasteignir

26. OKTÓBER 2009

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Reykjavík – Akranes

Viltu skipta eign þinni í Reykjavík í einbýlishús á Skaganum?
Til greina kemur að taka minni eign upp í og einnig er skoðaður sá möguleiki á að skipta upp í stærri eign. Reisulegt og vel upp gert 184 fm einbýlishús við Suðurgötu á Akranesi. Ytra byrði hússins er allt nýtt og sama á við um einangrun, glugga, hita- og raflagnir. 4 svefnherbergi í húsinu og tvær stofur ásamt baðherbergjum og þvottahúsi. Stór suðurverönd. V. 27,5 millj. Hagstætt áhvílandi lán frá Íbúðalánasjóði. Nánar á fasteignavef Valhallar. **Nánari upplýsingar veitir Jón Rafn hjá Valhöll í s: 695-5520**

Fagleg vinnubrögð og árangursríkar leiðir í sölu fasteigna

Jón Rafn
S: 695-5520
Lögg. fasteignasali
jonrafn@valholl.is

Sigþór
S: 899-9787
Lögg. fasteignasali
sb@valholl.is

Erum alltaf við símann!

Vantar allar tegundir eigna á skrá, t.d:
- Einbýli í Garðabæ og miðsvæðis í Reykjavík – Bein kaup!
- Hæð í Hlíðunum
- 2-3ja herbergja íbúðir í Breiðholti og Árbæ
- Atvinnuhúsnæði í öllum stærðum (aukin eftirspurn!)
- Einnig vantar allar tegundir húsnæðis á leiguskrá.

Fagleg ljósmyndataka
Frítt verðmat
Öllum fyrirspurnum svarað og fylgt eftir

Húsið við Skjólbraut í vesturbæ Kópavogs er mjög nálægt sundlauginni, skóla, listasafni og miðbæ Kópavogs.

Stutt í alla þjónustu

Fasteignasalan Valhöll hefur til sölu vel staðsett einbýlishús á Skjólbraut í Kópavogi.

Húsið stendur nærri sundlaug Kópavogs í vesturbæ Kópavogs. Húsið er alls 250 fermetrar með bílskúrnum, það er á tveimur hæðum og gengið er inn á neðri hæðina.

Neðri hæðin skiptist í góða flísalagða forstofu, rúmgott svefnherbergi með fataherbergi og snyrtingu innaf. Gott flísalagt hol, vel innréttað þvottahús með góðri flíslagðri sturtu og saunaklefa. Gott vinnuherbergi er innaf þvottahúsi. Góð gestasnyrting er einnig á hæðinni.

Upp á efri hæðina er léttur stigi með tréþrepum. Þar er rúmgóð stofa með útgengi út á góðar suðursvalir og glæsilegu útsýni. Þrjú svefnherbergi eru á efri hæðinni. Rúmgott baðherbergi með máluðum veggjum. Eldhús er rúmgott með upprunalegri innréttingu, góðum borðkrók og flísum á gólfi. Að öðru leyti er beykiparket á gólfum. Bílskúr er með hita og rafmagni. Garðurinn hefur verið endurgerður með jarðvegsdúk og snýr mót suðri.

Húsið er vel staðsett sunnan við menningarreit Kópavogs með alla hugsanlega þjónustu í göngufæri: Göngustígar meðfram sjávarströnd, íþróttasvæði, leikskólar, sundlaug, grunnskóli, menntaskóli, tónlistarskóli, náttúrugripasafn, listasafn, tónlistarhús, verslanir af öllu tagi og svo mætti lengi telja.

heimili
FASTEIGNASALA

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali

Allir velja gott heimili

Sími 530 6500
Opið mán.–fös. frá kl. 9-17
Finnbogi Hilmarsson og Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar

Sæviðarsund.
Fallegt endurnýjað 180 fm raðhús með innbyggðum 20 fm bílskúr. Stór hellulög verönd í skjólgóðum garði í mikilli rækt. Nýtt eldhús, þrjú svefnherbergi ásamt vinnuherbergi og tvær stofur.

Dragavegur.
Gott 200 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið er á tveimur hæðum og stendur upp í botnlanga á rólegum stað.



Berjarimi - 2ja herb.
Rúmgóð 80 fm íbúð á 1. hæð með sérgarð/sólpallii. Stór og góð stofa opin við eldhús og mjög rúmgott svefnherbergi. Þvottahús í íbúðinni. V.17,9m

Hólmvað - Sérhæð með bílskúr.
Ný fullbúin 160 fm sérhæð , þrjú svefnherbergi, sérgarður, verönd og svalir til suðvesturs. eikarinnréttingar, parket og flísa V. 37 m. Áhv. 24 m

Ásakór - 4ra og bílskúr.
Glæsileg rúmgóð 160 fm endaíbúð í lyftuhúsi. Tvennar svalir, fallegar innréttingar og þrju stór svefnherbergi. Makaskipti á minni eign.
V. 33, 9 m.

Logafold - Glæsileg efri sérhæð.
Björt rúmgóð 210 fm efri sérhæð með innbyggðum 50 fm bílskúr. Fallegar innréttingar og gólfefni, arinn, tvennar svalir og mikið útsýni.

Flúðasel - 3ja - 4ra herbergja.
Skemmtilega hönnuð og mikið endurbætt 91 fm útsýnisíbúð. Mikil lofthæð innan íbúðar, fallegar innréttingar og yfirbygðar svalir. Áhv 19,0 m

Óskum eftir - Höfum kaupendur
- Vönduðu einbýlishúsi
- Sérhæð í mið- og vesturbæ.
- Sérbýli í austurbæ í skiptum fyrir minni
- 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í grafarholti í skiptum fyrir raðhús í sama hverfi.

Miðtún - Sérhæð
.Vönduð mikið endurnýjuð 133 fm íbúðarhæð . Eignin er hæð og ris í bakhúsi. Skjólgóðu r bakgarður í suður, 3-4 svefnherbergi, og tvær bjartar stofur. Skipti á minni eign.
Áhv 22 m

Rauðagerði - Einbýli með 110 fm aukaíbúð.
Fallegt mikið endurbætt 300 fm einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum 35 fm bílskúr. Fallegur garður, sólstofa, heitur pottur o.fl.

Hraunteigur - fokheld bygging!
Höfum til sölu hús í endurbyggingu. Er í dag tvær hæðir en getur orðið þrjár. Samþykktar teikningar. Ýmsir möguleikar á stækkun eða minni byggingu. Óskað er eftir kauptilboði .

Naustabryggja - 2ja herb
Glæsileg 81 fm íbúð á jarðhæð með 50 fm sólpalli. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Áhv 12,5 m .

Laugaráshverfi.
Fallegt 260 sérbýli á einstökum útsýnisstað. 3-4 stór herbergi og möguleg aukaíbúð. Frekari uppl aðeins veittar á skrifstofu.

Grandavegur - 4ra herb
Nýleg 105 fm íbúð í lyftuhúsi. Hús nýlega viðgert að utan. Fallegar innréttinar og gólfefni og góðar svalir.
V. 26,0 Áhv 20,0m

Heimili Fasteignasala • Skipholt 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

„PENTHOUESÍBÚÐ“ ÓSKAST Á STÓR-REYKJAVÍKURSVÆÐINU

• EINBÝLISHÚS ÓSKAST Á SUNNANVERÐU ARNARNESI Á SJÁVARLÓÐ
• EINBÝLISHÚS ÓSKAST Á SUNNANVERÐU SELTJARNARNESI
• EINBÝLISHÚS ÓSKAST Í ÞINGHOLTUNUM

ARATÚN-GARÐABÆ

Glæsilegt 179,4 fm einlyft einbýlishús að meðt. 30,1 fm bílskúr á þessum gróna stað í Garðabænum. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð m.a. gólfefni, eldhús, baðherbergi og gler að hluta. Björt stofa með útgangi í sólstofu, fallegt eldhús með vönduðum tækjum og 4 herbergi. Stór viðarverönd, yfirbyggð að hluta. Hús nýlega málað að utan. **SKIPTI MÖGULEG Á MINNI ÍBÚÐ Í GARÐABÆ. Verð 59,9 millj.**

Bjarmaland.

229,7 fm einlyft einbýlishús á þessum eftirsótta stað neðst við opna svæðið í Fossvogsdalnum. Eignin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á sl. árum. Samliggjandi rúmgóðar og bjartar stofur með arni, rúmgott eldhús, sjónvarpsstofa og 3 rúmgóð herbergi. **Stór verönd til suðurs. Frábær staðsetning.**

Klettás – Garðabæ.

Glæsilegt 188,4 fm raðhús á tveimur hæðum að meðt.38,0 fm bílskúr. 4 svefnherbergi, vandað eldhús og rúmgóð og björt stofa. Aukin lofthæð á efri hæð og fallegt útsýni þaðan allt frá Keili og að Snæfellsjökli.m irnhAukin lofhæð á efri hæð. Vel skipulgöð eign. Eignaskipti koma til greina á minni íb. Í sama hverfi eða Sjálandi.<B>Verð 49,9 millj.<BL>

Hlaðhamrar.

Mjög vel skipulagt 138,6 fm raðhús með innb. 35,4 fm bílskúr. Eignin skiptist í forstofu, stofu, sólskála, sjjónvarpsstofu, eldhús, þvottaherbergi, geymslu 3 svefnherbergi og baðherbergi. Mikil lofthæð. Ræktuð lóð og hiti í stéttum fyrir framan hús. **Laust til afhendingar strax. Verð 37,9 millj.**

Strikið- Sjálandi Garðabæ

2ja og 3ja herb. íbúðir í 6 hæða glæsilegu lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri. Íbúðirnar eru frá 82 fm. upp í 120 fm. Vandaðar innréttingar frá Brúnás og vönduð tæki. Húsið er klætt að utan að mestu með litaðri álklæðningu. **Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Íbúðirnar eru til afhendingar við kaupsamning.**

Langagerði.

Vel skipulagt 164,1 fm einbýlishús, hæð og ris, auk bílskúrs á þessum eftirsótta stað. Húsið er mikið upprunalegt, en í afar góðu ástandi og skiptist þannig: Á aðalhæð eru forstofa, hol, samliggjandi rúmgóðar stofur, 1 herbergi, baðherbergi og þvottaherbergi og í risi eru 4 herbergi, eldhús, geymsla og baðherbergi. **Falleg ræktuð lóð. Verð 39,9 millj.**

BORGARTÚN - TIL LEIGU

Til leigu glæsilegt 171,1 fm skrifstofuhúsnæði í nýendurnýuðu skrifstofuhúsi. Húsnæðið skiptist í móttöku, stór opið vinnurými fyrir allt að 10 manns, eldhús, fundarherbergi, eina afstúkaða skristofu og tæknirými. **Steinteppi á gólfum og innfelld lýsing í loftum. Laus til afhendingar strax.**

Bergstaðastræti.

BIRMINGHAM CITY - SUNDERLAND	2-1
1-0 Liam Ridgewell (36.), 2-0 James McFadden (47.), 2-1 Scott Dann, sjm (82.)	
BURNLEY - WIGAN ATHLETIC	1-3
1-0 Steven Fletcher (3.), 1-1 Hugo Rodallega (10.), 1-2 Hugo Rodallega (50.), 1-3 Emmerson Boyce (75.).	
CHELSEA - BLACKBURN ROVERS	5-0
1-0 Gael Givet, sjm (20.), 2-0 Frank Lampard (47.), 3-0 Mickael Essien (51.), 4-0 Frank Lampard (58.), 5-0 Didier Drogba (63.).	
TOTTENHAM HOTSPUR - STOKE CITY	0-1
0-1 Glenn Whelan (85.).	
WOLVES - ASTON VILLA	1-1
0-1 Gabriel Agbonlahor (78.), 1-1 Sylvan Ebanks-Blake (82.)	

STAÐAN:

Chelsea	**10**	**8**	**0**	**2**	**24-8**	**24**
Man. United	10	7	1	2	21-11	22
Arsenal	**9**	**6**	**1**	**2**	**29-13**	**19**
Tottenham	10	6	1	3	21-14	19
Liverpool	**10**	**6**	**0**	**4**	**24-13**	**18**
Man. City	9	5	3	1	18-11	18
Aston Villa	**9**	**5**	**2**	**2**	**13-8**	**17**
Sunderland	10	5	1	4	18-15	16
Stoke City	**10**	**4**	**3**	**3**	**9-11**	**15**
Wigan Athletic	10	4	1	5	12-17	13
Burnley	**10**	**4**	**0**	**6**	**10-22**	**12**
Bolton	9	3	2	4	14-15	11
Fulham	**9**	**3**	**2**	**4**	**10-12**	**11**
Everton	9	3	2	4	12-15	11
Birmingham	**10**	**3**	**1**	**6**	**8-12**	**10**
Blackburn	9	3	1	5	11-22	10
Wolves	**10**	**2**	**3**	**5**	**9-16**	**9**
Hull City	10	2	2	6	8-22	8
West Ham	**9**	**1**	**3**	**5**	**11-15**	**6**
Portsmouth	10	1	1	8	5-15	4

N1-deild karla:

HK-Stjarnan 23-21

Mörk HK: Valdimar Þórsson 9, Ragnar Hjaltested 4, Atli Ævar Ingólfsson 3, Bjarki Gunnarsson 1, Hákon Bridde 1, Bjarki Elísson 1, Ólafur Víðir Ólafsson 1, Sverrir Hermannsson 1, Jón Björgvin Pétursson 1, Vilhelm Gauti Bergsveinsson 1.
Mörk Stjörnunnar: Þórólfur Nielsen 4, Kristján Kristjánsson 4, Jón Arnar Jónsson 4, Sverrir Eyjólfsson 3, Daníel Einarsson 3, Vilhjálmur Halldórsson 2, Guðmundur Guðmundsson 1.

N1-deild kvenna:

HK-Valur 18-36
Stjarnan-FH 40-25

Mörk Stjörnunnar: Elísabet Gunnarsdóttir 8, Alina Daniela Tamasan 7, Kristín Jóhanna Clausen 6, Þorgerður Anna Atladóttir 5, Jóna Sigríður Halldórsdóttir 4, Þórhildur Gunnarsdóttir 4, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 3, Esther Viktoría Ragnarsdóttir 2.
Mörk FH: Ragnheiður Rósa Guðmundsdóttir 9, Sigrún Gilsdóttir 5, Gunnur Sveinsdóttir 4, Heiðdís Guðmundsdóttir 1, Birna Íris Helgadóttir 1.

Víkingur-Fram 13-44

Mörk Vikings: Guðríður Ósk Jónsdóttir 5, Guðný Halldórsdóttir 3, Andrea Olsen 3, Brynhildur Bolladóttir 1, Díana Nordbek 1.
Mörk Fram: Anna María Guðmundsdóttir 8, Marthe Sördal 6, Karen Knútsdóttir 6, Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 4, Stella Sigurðardóttir 4, Ásta Birna Gunnarsdóttir 4, Anna Friðriksdóttir 3, Eva Hrund Þórðardóttir 3, Hildur Þorgeirsdóttir 3.

KA/Þór-Fylkir 15-27

Mörk KA/Þórs: Emma Havin Sardardóttir 5, Inga Dís Sigurðardóttir 3, Ásdís Sigurðardóttir 3.
Mörk Fylkis: Sunna Jónsdóttir 7, Sunna María Einarsdóttir 6, Hildur Harðardóttir 3, Sigríður Hauksdóttir 3, Tinna Jökulsdóttir 2.

Stefnumót 2030

Mitt hverfi - mín borg

Opið hús um framtíðarskipulag í hverfinu þínu

Júlíus Vífill Ingvarsson formaður skipulagsráðs kynnir stuttlega vinnu við nýtt aðalskipulag áður en umræður hefjast.

Umræður um framtíðarskipulag í þínu hverfi
Vinnuhópar með aðferðum Air Opera.

Hugmyndasmiðja
Hugmynda- og teiknivinna með ungum arkitektum.

Vinnustofa fyrir börn
Undir stjórn Myndlistaskólans í Reykjavík.

Grafarholt	27. okt.	kl. 17-18:30 Ingunnarskóli
Laugardalur	29. okt.	kl. 17-18:30 Laugalækjarskóli
Grafarvogur	3. nóv.	kl. 17-18:30 Foldaskóli
Árbær	5. nóv.	kl. 17-18:30 Árbæjarskóli
Kjalarnes	10. nóv.	kl. 17-18:30 Klébergsskóli
Hlíðar	11. nóv.	kl. 17-18:30 Háteigsskóli
Háaleiti	12. nóv.	kl. 17-18:30 Réttarholtsskóli
Breiðholt	19. nóv.	kl. 17-18:30 Breiðholtsskóli
Vesturbær	24. nóv.	kl. 17-18:30 Aflagrandi 40
Miðbær	26. nóv.	kl. 17-18:30 Austurbæjarskóli

www.adalskipulag.is

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

NÝTT AÐALSKIPULAG
REYKJAVÍK 2030

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

COUPLES RETREAT	kl. 5.40, 8 og 10.15	12
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN	kl. 6 - Ísl. tal	L
JÓHANNES	kl. 6, 8 og 10	L
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 9	16



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

COUPLES RETREAT	kl. 5:50 - 8D - 10:20D	12
COUPLES RETREAT	kl. 8 - 10:20	VIP
GAMER	kl. 8 - 10:20	16
SKELLIBJALLA M/ísl. Tali	kl. 6	L
FAME	kl. 5:50 - 8 - 10:20	L
ORPHAN	kl. 8 - 10:20	16
SURROGATES	kl. 8	16
SURROGATES	kl. 6	VIP
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6D	L
FUNNY PEOPLE	kl. 10	12
UPP M/ísl. Tali	kl. 5:50	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

COUPLES RETREAT	kl. 8:10D - 10:30D	12
GAMER	kl. 8:15D - 10:30D	16
SKELLIBJALLA M/ísl. Tali	kl. 6:15D	L
FAME	kl. 6:15	L
ORPHAN	kl. 10:30	16
SURROGATES	kl. 8:30	16
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6:15D	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

COUPLES RETREAT	kl. 8 - 10:20	12
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	L
SKELLIBJALLA M/ísl. Tali	kl. 6	L
GAMER	kl. 8	16
ORPHAN	kl. 10:20	16

NÝTT Í BÍÓ!

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

ZOMBIELAND	kl. 4 - 6 - 8 - 10	16
ZOMBIELAND LÚXUS	kl. 4 - 6 - 8 - 10	16
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2	kl. 3.40 650 kr.	L
JÓHANNES	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L
9	kl. 10.15	10
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 5.20 - 8 - 10.40	16
THE UGLY TRUTH	kl. 5.45 - 8	14
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 3.40	L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

ZOMBIELAND	kl. 6 - 8 - 10	16
CAPITALISM	kl. 6 - 9	7
JÓHANNES	kl. 6 - 8 - 10	L
GUÐ BLESSI ÍSLAND	kl. 5.45	L
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 8	16

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

ZOMBIELAND	kl. 8 - 10	16
JÓHANNES	kl. 6 - 8 -10	L
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 5.40	16

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

ZOMBIELAND	kl. 6.30 - 8.30 - 10.30	16
BROKEN EMBRACES	kl. 5.20 - 8 - 10.40	12
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM	kl. 5.20 - 8	16
INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 6 - 9	16
ANTICHRIST	kl. 10.40	18

Logi fékk engan frið á djamminu

„Það voru skemmtileg atriði sem komust ekki að sökum plássleysis," segir leikstjórinn Hannes Þór Halldórsson.

Atvinnumennirnir okkar, þættir Hannesar og Auðuns Blöndal, verða gefnir út á DVD fyrir jól. Þetta kom fram á vefnum Monitor.is. Hannes segist hafa þurft að skilja mikið af efni eftir á klippiborðinu, meðal annars eitt kostulegt atriði með handboltahetjunni Loga Geirssyni.

„Ég fylgdi Loga Geirs eftir á djamminu heilt kvöld og var búinn að búa til skemmtilegt atriði úr því, en aðeins brot endaði í þættinum. Við fáum að sjá það í fullri lengd," segir Hannes. „Það kom mér á óvart að hann fær miklu minni frið en ég reiknaði með. Það er stanslaust atast í honum. Ég hafði ekki trú á því að menn væru svona miklar stjörnur þegar þeir færu í bæinn, hann fékk enga pásu frá æstum aðdáendum."

FULLT AF AUKAEFNI Hver sekúnda á DVD-diskum Atvinnumannanna okkar verður nýtt.

Hannes og Auðunn hittu Loga áður en íslenska handboltalandsliði nældi í silfrið á Ólympíuleikunum í Kína. „Hefðum við farið eftir Kína hefðu lætin orðið ennþá meiri. Þeir eru greinilega miklar stjörnur þessir strákar."

Guðjón Valur, Ólafur Stefánsson, Eiður Smári og Hermann Hreiðarsson voru á meðal þeirra sem voru teknir fyrir í þáttunum og Hannes segir að hver sekúnda verði nýtt undir aukaefni. „Ég er mikill DVD-maður sjálfur og horfi á aukaefnið," segir hann. „Þættirnir mældust það vel fyrir og það mikið af skemmtilegu efni sem mér fannst leiðinlegt að henda út þannig að við hendum eins miklu af aukaefni í pakkann og við getum." **- afb**

Sonja Bent til New York

Föt Sonju Bent verða seld í New York. Frábært tækifæri, segir hönnuðurinn.

„Jú, þetta er komið á hreint. Við erum komin með húsnæði og ég geri ráð fyrir að búðin opni öðru hvoru megin við áramót," segir fatahönnuðurinn Sonja Bent en hönnun hennar verður fáanleg í New York innan skamms. Sonja fékk styrk frá Hönnunarsjóði til að geta tekið þátt í verkefni sem kallast Art for Progress. Sonja er einn tuttugu hönnuða sem munu selja hönnun sína í verslun sem rekin er af samtökunum, en þau koma einnig að skipulagningu tískuvikunnar í New York.

„Þetta er í raun hluti af tískuvikunni og þeir hönnuðir sem verða með pláss í versluninni taka þátt í henni sem ein heild, sem þýðir að ég kem ekki fram ein heldur sýni með hinum hönnuðunum. Í versluninni verður bæði hefðbundin verslun og skrifstofa þar sem umboðsaðilar munu sjá um að selja prótótýpur til heildverslana. Við greiðum visst gjald á mánuði fyrir þessa þjónustu og tökum svo þátt í tískuvikunum þegar þær eru haldnar."

Sonja segir það erfitt fyrir unga hönnuði að koma hönnun sinni að í stærri verslunum þar sem flíkurnar eru ekki framleiddar í miklu magni og því sé tækifæri sem þetta einstakt.

Áður hefur Sonja tekið þátt í tískuvikunni í Kaupmannahöfn en segir hana ekki jafn stóra í sniðum og tískuvikuna í New York. „Þetta er alveg ofsalega spennandi tækifæri og ég hlakka gríðarlega mikið til. Ég er agalega þakklát Hönnunarsjóði fyrir styrkinn því án hans hefði þetta ekki getað orðið að veruleika."

Sonja gerir ráð fyrir því að þurfa að dvelja langdvölum í New York eftir að verslunin opnar. Hún segist þó ekki kvíða því að yfirgefa heimahagana því það sé lítið um tækifæri hér heima á krepputímum „Það er svolítið verið að eyðileggja fyrir manni hér heima. Það er verið að skera niður fjármagn til menningar og lista og ofan á það leggjast háir skattar þannig að fyrir hönnuð eins og mig sem er nú þegar að skrimta þá eru tækifærin ekki mörg. Þetta er slæm þróun því allt sem hefur áunnist á síðastliðnum árum drabbast nú niður á krepputímanum og það er því miður lítið sem maður getur gert til að sporna við þeirri þróun." **sara@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

EINSTAKT TÆKIFÆRI Fatahönnuðurinn Sonja Bent mun selja hönnun sína í New York á nýju ári.

GILDI lífeyrissjóður

Sjóðfélagafundur

Kynningarfundur fyrir sjóðfélaga Gildis-lífeyrissjóðs verður haldinn á Grand Hótel mánudaginn 26. október 2009 kl. 17.30.

Dagskrá fundarins:

1. Eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða.
2. Staða sjóðsins.
3. Samskipta- og siðareglur.
4. Atvinna og enduruppbygging.
5. Umræður og fyrirspurnir.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.

GILDI
Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is

Eyfi og félagar kynna

EAGLES

heiðurstónleikar

Háskólabíó 31. október, kl.20

Kynnir:
Logi Bergmann

Hotel California
Lyin´ eyes
Desperado
Take it easy
One of these nights
Tequila sunrise
Peaceful easy feeling
Take it to the limit
Hole in the world
Busy being fabulous
New kid in town
The best of my love
o.m.fl.

Fram koma:
Eyjólfur Kristjánsson
Stefán Hilmarsson
Björgvin Halldórsson
Friðrik Ómar
Edgar Smári
Arnar Jónsson
Sigurjón Brink

13 manna hrynsveit og bakraddir, ásamt Óskari Einarssyni og félögum úr Gospelkór Reykjavíkur

Miðjan SMÁRAHVAMMUR

Blikksmiðja ehf
Melabraut 28 • 220 Hafnarfirði • Sími 565 4111

Ristorante Caruso

Miðasala á midi.is **midi.is**

dagskrá

> Leah Remini

„Ég vil mann sem setur hnefann í borðið en hann verður líka að kunna að gera það á réttum tíma."

Remini fer með hlutverk Carrie Heffernan í þættinum The King of Queens. Skjáreinn endursýnir þessa vinsælu þætti alla virka daga kl. 19.05.

VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR NJÓSNAÐI Á FÆREYSKU BYLGJULENGDINNI

Það er verið að fylgjast með okkur

Þeir hafa rangt fyrir sér, sem halda að öllum sé sama um þessa voluðu þjóð, að örlög hennar skipti aðrar þjóðir litlu sem engu.

Eyjar veit ég átján í suð-austri þar sem íslensk málefni eru í öndvegi, hvort sem er í út-, sjón- eða netvarpi, að ógleymdum dagblöðunum. Í Færeyjum virðist Ísland stundum vera mikilvægasta útlandið og virðist hendingin því ráða hvort íslenskar fréttir eru yfirleitt flokkaðar sem innan- eða „uttanlandstíðindi".

Fréttirnar eru enda oft tengdar Færeyjum, til dæmis þegar talað er um aðildarumsókn að Evrópusambandinu eða þegar haldnir voru færeyskir dagar á Stokkseyri. Í sumar greindu miðlarnir frá því að færeyskt flöskuskeyti hefði fundist á Húsavík og ég held sama dag var í hádegisfréttum hvernig leikurinn milli FH og Keflavíkur hefði farið. Í þessari fótboltafrétt var færeyska tengingin ekki alveg klár, en heimildir herma að í öðru liðinu hafi lengi spilað einhver Færeyingur.

Dagskrárgerðin er líka á ýmsan hátt svipuð. Veðurfréttir fá stóran sess og dánarfregnir koma í lok kvöldfrétta í útvarpi. Áhugasömum til upplýsingar hljóma þær einhvern veginn svona: „Andlát. Tórstein Rasmussen, vanliga nefndur Steini, maður Maríu Christiansen, andaðist í Klaksvík týsdagin, fimm og hálvfems ára gamall. Jarðarförin verður mánadagin í Klaksvík."

Íslenskt popp heyrist einnig í útvarpinu, gjarnan í færeyskri þýðingu, það er að segja Færeyingarnir taka eitthvert frægt íslenskt lag og syngja það á sinni alfögru. Ég hef heyrt fleiri en eitt Bubbalag betrumbætt á þennan hátt og reyndar heyrast enn fleiri lög sem Haukur frændi hans söng á sínum tíma.

En ekki er allt eins hér og þar. Miðað við RÚV er færeyska Kringvarpið til dæmis afar upptekið af bandarískri sveitatónlist með kristilegu ívafi, stundum flutt á færeysku líka. Í sjónvarpinu er svo danskan mikilvægasta málið. Ekkert íslenskt myndefni sá ég þar, einhverra hluta vegna.

MÁNUDAGUR

▶ **20.00 Silver City** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **20.55 Melrose Place (4:13)** SKJÁREINN

▶ **21.15 Glæpahneigð** SJÓNVARPIÐ

▶ **21.40 Big Love** STÖÐ 2

▶ **22.15 Fangavaktin** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Sammi (45:52)
17.37 Pálína (7:28)
17.42 Stjarnan hennar Láru (2:22)
17.55 Útsvar (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.20 Mennskum mönnum ofvaxið (Beyond Human Limits) (1:3) Franskur heimildamyndaflokkur í þremur þáttum um þolmörk mannslíkamans. Dr. Cauchy er manna fróðastur um kulda. Í leiðangri í Himalajafjöllum var hann tepptur utandyra í óveðri heila nótt. Í þættinum endurlifir hann baráttu sína gegn ofkælingu og kali og útskýrir hvernig stóð á því að hann lifði af nóttina.
▶**21.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds) (57:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 Trúður (Klovn V)(4:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper.
22.50 Fé og freistingar (22:23) (e)
23.35 Spaugstofan (e)
00.00 Kastljós (e)
00.30 Dagskrárlok

BÍÓ

08.05 Norbit
10.00 Dreamgirls
12.10 Grease
14.00 Norbit
16.00 Dreamgirls
18.10 Grease
▶**20.00 Silver City** Pólitísk framtíð stjórnmálamans er ógnað þegar líkfundur verður í hans umdæmi. Aðalhlutverk: Richard Dreyfuss og Chris Cooper.
22.05 Catch a Fire
00.00 Erin Brockovich
02.10 Bodywork
04.00 Catch a Fire
06.00 Martha Behind Bars

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.20 Eldsnöggt með Jóa Fel (6:10)
10.55 60 mínútur
11.45 Beauty and the Geek (2:10)
12.35 Nágrannar
13.00 Accepted
14.45 The Big Bang Theory (12:17)
15.10 ET Weekend
15.55 Njósnaskólinn
16.18 Barnatími Stöðvar 2 Ævintýri Juniper Lee og Kalli litli Kanína og vinir.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends (6:24)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 The Simpsons (6:25) Lífið hjá
19.45 Two and a Half Men (8:24) Gamanmyndaflokkur um bræðurna Charlie og Alan Harper.
20.10 So You Think You Can Dance (5:25) Dansæðið er hafið í sjötta sinn og hefur keppnin aldrei verið vinsælli.
20.55 So You Think You Can Dance (6:25)
▶**21.40 Big Love** (7:10) Bill Henrickson lifir svo sannarlega margföldu lífi. Hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn, auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli.
22.40 It's Always Sunny In Philadelphia (3:15) Gamanþáttaröð um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi.
23.05 John From Cincinnati (10:10)
23.50 True Blood (5:12)
00.50 Waist Deep
02.30 Rescue Me (4:13)
03.15 Accepted
04.45 Big Love (7:10)
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Barcelona - Zaragoza Útsending frá leik í spænska boltanum.
16.50 Barcelona - Zaragoza Útsending frá leik í spænska boltanum.
18.30 PGA Tour 2009 FRYS Útsending frá FRYS.com mótinu í golfi sem er hluti af PGA mótaröðinni.
20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
21.00 Spænsku mörkin Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
22.00 10 Bestu: Atli Eðvaldsson Níundi og næstsíðasti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
22.55 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 West Ham - Arsenal Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.05 Birmingham - Sunderland Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.45 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
18.40 PL Classic Matches Liverpool - Man United, 1997. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
19.15 Liverpool - Man. Utd. Útsending frá stórleik í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
22.00 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
22.30 Chelsea - Blackburn Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.10 Spjallið með Sölva (5:13) (e)
08.00 Dynasty (e)
08.50 Pepsi MAX tónlist
12.00 Spjallið með Sölva (5:13) (e)
12.50 Pepsi MAX tónlist
16.35 Game Tíví (6:14) (e)
17.05 Dynasty
17.55 Skemmtigarðurinn (6:8) (e)
18.50 Fréttir Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.
19.05 King of Queens (8:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie. (e)
19.30 America's Funniest Home Videos (46:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
20.00 90210 (4:22) Dixon og Sasha fara í rómantíska helgarferð en á heimleiðinni kemur óvænt atvik sem setur strik í reikninginn.
▶**20.55 Melrose Place** (4:13) Jane Mancini snýr aftur og lætur strax til sín taka. Ella gæti verið í hættu og hún leitar hjálpar hjá David. Lögreglan þarf að spyrja Violet um samband hennar við Sydney og Lauren ákveður að ganga enn lengra í nýja starfinu sínu.
21.50 Fréttir (e)
22.05 CSI. New York (7:25) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
22.55 The Jay Leno Show
23.45 Harper's Island (7:13) (e)
00.35 United States of Tara (1:12) (e)
01.10 Pepsi MAX tónlist

iNN

20.00 Eldum Íslenskt
20.30 Frumkvöðlar Í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.
21.00 7 leiðir með Gaua litla Þáttur um heilsufar og mataræði.
21.30 Í nærveru sálar Í umsjón Kobrúnar Baldursdóttir. Í þættinum verður fjallað um með hvaða hætti foreldrar og skóli geta í sameiningu kennt börnum að verjast áreiti kynferðisafbrotamanna.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

LYFJA
– Lifið heil

15% afsláttur +
NICOTINELL – tyggjó í 204 stykkja pakkningum

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir 12. – 25. október

ÍSLENSKA SÍA.IS LYF 47605 10/09

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

So You Think You Can Dance?

Dansæðið er hafið í sjötta sinn og hefur keppnin aldrei verið vinsælli. Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

CSI: New York

SkjárEinn kl. 22.05

Í New York eru morð daglegt brauð og hafa Mac Taylor og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í nógu að snúast. Sönnunargögnin leiða þau áfram þar sem oftar en ekki sannleikurinn kemur í ljós. Í þættinum í kvöld finnst maður myrtur og leiðir rannsóknin lögregluna á vefsíðu þar sem fólk getur játað syndir sínar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.03 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.11 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Hringsól
14.03 Bak við stjörnurnar
15.03 Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
15.25 Fólk og fræði
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.53 Dánarfregnir
19.00 Vændi á Íslandi
20.00 Leynifélagið
20.30 Kvika
21.10 Heimur hugmyndanna
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Syngjandi tré
23.05 Lostafulli listræninginn
23.45 Úr kvæðum fyrri alda
00.07 Næturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

2 EXTRA

16.30 Doctors (14:26)
17.00 Doctors (15:26)
17.30 E.R. (13:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
18.15 Seinfeld (14:24)
18.45 Doctors (14:26)
19.15 Doctors (15:26)
19.45 E.R. (13:22)
20.30 Seinfeld (14:24)
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.45 Jamie At Home (11:13) Jamie Oliver sýnir hvernig best er að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima og notar meðal annars ferskt grænmeti sem hann ræktar í garðinum sínum.
▶**22.15 Fangavaktin** (5:8) Georg berst fyrir því að reist verði fræðasetur í hans nafni á meðan Daníel neyðist til að brjóta gegn samvisku sinni til að rétta af skuld sína við Ingva. Ólafur styrkir vináttu sína við Þröst Hjört.
22.55 Numbers (15:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie er stærðfræðisení sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
23.40 Mad Men (2:13)
00.30 The 4400 (11:13)
01.15 Ástríður (10:12)
01.45 Auddi og Sveppi
02.15 Sjáðu
02.40 Fréttir Stöðvar 2

BBC entertainment

12.35 Lab Rats **13.05** Blackadder the Third **13.35** My Hero **14.05** My Hero **14.35** Lab Rats **15.05** The Weakest Link **15.50** Blackadder the Third **16.20** My Hero **16.50** My Hero **17.20** Lab Rats **17.50** EastEnders **18.20** The Weakest Link **19.05** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **19.35** Coupling **20.05** No Heroics **20.30** Little Britain **21.00** Life on Mars **21.50** My Family **22.20** Coupling **22.50** Little Britain **23.20** Lab Rats **23.50** EastEnders

DR 1

12.20 OBS **12.25** Strömsö **13.00** Landsbyhospitalet **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Spam **15.30** Braceface **15.55** Den lyserode panter **16.00** Troldspejlet **16.15** Robotboy **16.30** Byggemand Bob **16.40** Benjamin Bjorn **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Til Tasterne **19.00** Verdens værste naturkatastrofer **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.40** Forbrydelsen II **23.40** Seinfeld

NRK 1

12.00 NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Andre avenyen **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Små Einsteins **17.25** Trond med hammer'n **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Puls **18.55** Tingenes tilstand **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.35** Livet i Fagervik **21.20** Store Studio **22.00** Kveldsnytt **22.15** Derrick **23.15** Kommunismen - draumen om eit paradis

SVT 1

13.30 Fridolf sticker opp! **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Playa del Sol **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Livet i Fagervik **19.45** Hemliga svenska rum **20.00** Kysst av spriten **20.30** Älskade, hatade förort **21.00** Tysk höst **22.20** Kulturnyheterna **22.35** Fallet **23.20** Dansbandskampen

Jólahlaðborð á Hótel Örk



Nú fer hver að verða síðastur að panta pláss á okkar sívinsæla jólahlaðborði.

- Opinn bar og lifandi tónlist að borðhaldi loknu
- Tilvalið fyrir fyrirtæki, hópa, pör og einstaklinga
- Við gerum stærri hópum sértilboð

Farðu inn á **jolahladbord.is** til að skoða matseðilinn, fá nánari upplýsingar og panta.

Föstudagur:
Léttur píanóundirleikur með matnum og trúbador fram eftir kvöldi.
Borðhald og skemmtun: 5.900.-
Gisting, borðhald og skemmtun 10.900,- krónur á mann í tvíbýli.

Laugardagur:
Stórsöngvararnir og skemmtikraftarnir í duett.is sjá um veislustjórn af sinni alkunnu snilld.
Að borðhaldi loknu slær hljómsveitin Sölvarnir upp balli
Borðhald og skemmtun: 6.900.-
Gisting, borðhald og skemmtun 11.900,- krónur á mann í tvíbýli.

Hótel Örk - Breiðumörk 1c - Hveragerði - Sími 483-4700 - Fax 483-4775 - hotel-ork.is

HÓTEL ÖRK

HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Hún gerir allt vel sem hún tekur sér fyrir hendur, líka á söngsviðinu og hefur verið syngjandi síðan hún var pínulítil. Hún hefur nú þegar sungið og raddað á fjórum diskum en mér finnst ekki líklegt að hún geri sönginn að aðalstarfi.“

Anna Ólafsdóttir er mamma Ragnheiðar Helgu Pálmadóttur, sem syngur bakraddir í Mannakornum, sem pabbi hennar, Pálmi Gunnarsson, er í.

Djúpa laugin snýr aftur á næsta ári

„Við munum 100 prósent fara í endurgerð á Djúpu lauginni,“ segir Kristjana Brynjólfsdóttir, dagskrárstjóri Skjás eins.

Á næsta ári hefur stefnumótaþátturinn Djúpa laugin göngu sína á ný eftir fimm ára hlé. Þetta varð ljóst eftir að áhorfendur stöðvarinnar völdu Djúpu laugina þann þátt sem þeir vildu helst að yrði endurgerður. „Það er svo mikið af skemmtilegum þáttum sem hafa verið á Skjáeinum og við fáum oft fyrirspurnir hvort við ætlum að sýna þá aftur. Við ákváðum að velja nokkra þætti og leyfa áhorfendum að velja,“ segir Kristjana en valið var tilkynnt í tíu ára afmælisþætti stöðvarinnar.

Kristjana er mjög spennt fyrir endurgerðinni enda voru þættirnir vinsælir á sínum tíma. „Þeir voru á föstudagskvöldum og fólk horfði mikið á þetta áður en það fór út á djammið. Það voru margir forvitnir um það hverjir voru að koma í þáttinn.“

Ekki hefur verið ákveðið hvort Djúpa laugin verður áfram á föstudagskvöldum og einnig er óvíst hverjir verða þáttastjórnendur. Kristjana útilokar ekki að Dóra Takefusa og Mariko Margrét Ragnarsdóttir sem stjórnuðu þættinum fyrst snúi aftur í sjónvarpið. „Það kemur alveg til greina og það væri mjög gaman en þær búa báðar erlendis. Við fengum Dóru til að koma í upprifjunarþættina og mér fannst þeir takast mjög vel.“ Hún bætir við að þegar séu komnar umsóknir um stöðu þáttastjórnanda þó svo að hún hafi ekki verið auglýst, sem endurspegli þann mikla áhuga sem fólk hafi á Djúpu lauginni.

Skjáreinn breytist í áskriftarsjónvarp á næstunni og hafa viðbrögðin verið góð að mati Kristjönu. „Við vissum að það myndi koma mótbyr en viðtökurnar eru bara góðar. Við bjuggumst eiginlega við meiri mótbyr.“ - fb

KRISTJANA BRYNJÓLFSDÓTTIR Stefnumótaþátturinn Djúpa laugin hefur göngu sína á nýjan leik á næsta ári. Ekki er útilokað að Dóra Takefusa snúi aftur í Djúpu laugina.

FÚLSKEGGJAÐUR Þorvaldur Bjarni er fúlskeggjaður en hann hefur haft það fyrir reglu að raka sig ekki á meðan mestu tarnirnar standa yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÞORVALDUR BJARNI: SEMUR ÓPERU/SÖNGLEIK MEÐ SPAUGSTOFUMANNI

Völuspá Þorvaldar Bjarna

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson hefur látið lítið fyrir sér fara að undanförnu en mun nú brjótast fram á sjónvarsviðið á nýjan leik þegar hljómsveitin Todmobile heldur upp á afmæli sitt 4. nóvember. Nýtt lag, Ertu ekki að djóka í mér?, var frumflutt á Bylgjunni á föstudaginn en Þorvaldur hefur síður en svo setið með hendur í skauti og beðið eftir afmælisdeginum. Hann flaug út til Parísar á sunnudagsmorgun til að fylgja eftir sinfóníutónleikum Lady & Bird í höfuðborg Frakklands. „Þetta er mikill heiður fyrir okkur því hljómsveitin sem flytur þetta er ein sú virtasta í Evrópu,“ segir Þorvaldur en uppselt er á þessa tónleika sem verða á miðvikudaginn.

Fleira er í farvatninu hjá Þorvaldi því hann notaði tímann vel þegar hann dvaldist í nokkra mánuði í ítalska héraðinu Toscana fyrir um ári. „Ég hef verið að finna verk upp úr Völuspá sem er fyrir sinfóníuhljómsveit, kór og sópransöngkonu. Ég er að leggja lokahönd á það verk og vonandi kemur það fyrir augu og eyru almennings í vor eða sumar,“ útskýrir Þorvaldur og bætir því við að það hafi verið frábært að semja á Ítalíu. „Þetta var viðeigandi staður til að skrifa svona verk og maður getur ekki beðið eftir því að þetta fari allt saman upp. Að gera svona krefst alveg gríðarlegrar frágangsvinnu og það er mikið ferli sem tekur við þegar maður er búinn að semja.“

En eins og verk upp úr Völuspá væri ekki nóg fyrir einn mann þá hefur Þorvaldur einnig verið að vinna að óperu/söngleik með Spaugstofukónginum Karli Ágústi Úlfssyni. Þorvaldur vildi alls ekki upplýsa hvaða verk það væri, slíkt kæmi bara í ljós þegar það færi á fjalirnar.

Tónskáldið og upptökustjórinn hefur haft það fyrir venju að raka sig ekki á meðan mestu tarnirnar standa yfir. Og kannski er það til marks um hversu mikið hefur verið að gera að Þorvaldur segist aldrei hafa haft svona mikið skegg. „Nei, þetta er kannski fullmikið af hinu góða, skeggið er alveg að kæfa mig.“

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tyrkneski risinn Sultan Kösen vakti að vonum mikla athygli þegar hann kom hingað til lands og gnæfði yfir allt og alla. Sultan hafði lýst því yfir að hann hefði áhuga á kynnast íslenskum konum og því auglýstu **Jóhann Páll** og félagar í JPV eftir áhugasömum sem vildu snæða með risanum á laugardagskvöldinu. Reyndar var Sultan kominn með töluverða heimþrá þegar hann lenti á Keflavíkurflugvelli og því var brugðið á það ráð að bjóða honum í Alþjóðahúsið þar sem hinn góðkunni, tyrkneski kokkur, Murat, eldaði dýrindis tyrkneska máltíð sem kitlaði víst bragðlaukana.

Veitingastaðurinn Austur virðist vera á góðri leið með að taka við af skemmtistaðnum Rex. Sem þótti ansi heitur meðal fólks yfir þrítugu á sínum tíma. Troðfullt var út úr dyrum og kannski ekki skrítið því meðal gesta voru Egill „Þykki“ Einarsson og Auðunn Blöndal. Þá mátti sjá glitta í Arnar Gunnlaugsson sem skrifaði nýverið undir samning við Hauka en á staðnum var einnig fyrrum stjörnuframherji FH og íþróttafréttamaðurinn **Hörður Magnússon**.

Frétt Morgunblaðsins um hugsanlega stórtónleika á Íslandi í tilefni af sjötíu ára afmæli Johns Lennon vakti nokkra athygli. Fulltrúar Samfylkingarinnar í borgarstjórn köstuðu víst fram þessari hugmynd á fundi nýverið og yrðu tónleikarnir þá nátengdir Friðarsúlu ekkju Bítilsins, Yoko Ono. Samfylkingin ætti einnig að geta lagt fram góðan tengilið við alþjóðlegar tónlistarstjörnur því einn sá duglegasti í þeim bransa, Kári Sturluson, er jú bróðir borgarfulltrúans **Oddnýjar Sturludóttur**. - fgg

Páll Óskar aleinn á nýrri Jackson-mynd

„Þetta var eins og að vera einn með Michael Jackson. Þetta var eins og að fá að taka í spaðann á honum,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson, sem bauðst að sitja einn í lúxussal Smárabíós og horfa á Michael Jackson-myndina This Is It sem verður frumsýnd á miðvikudag. „Það sem manni er efst í huga er þakklæti. Maður er þakklátur fyrir að Michael Jackson hafi verið til og þakklátur fyrir að einhver hafi haft vit á því að taka þessar æfingar upp á filmu,“ segir Palli.

Í myndinni er sýnt frá æfingum Jacksons fyrir tónleikaröð sína í London sem átti að hefjast skömmu eftir dauða hans. „Þetta er mynd um listamanninn Michael Jackson en ekki „fríkið“ Michael Jackson. Þú færð innsýn í hvernig hann ætlaði að gera hvert lag fyrir sig og það er magnað að sjá hvað hann er auðmjúkur og þægilegur í umgengni við alla,“ segir Palli. „Hann syngur öll lögin „live“ og ef þú lokar augunum og hlustar á hann syngja þá er þetta fimmtugur maður sem hljómar nákvæmlega eins og þegar hann var 25 ára, sem er ótrúlegt. Hver einasti tónn er svo skýr og hreinn.“

Hann segir að myndin sé hvalreki fyrir sanna aðdáendur Jacksons. „Hann er í það góðu formi og stuði að manni dettur ekki í hug að maðurinn sér að fara að deyja eftir þrjá daga, sem fær mann til að gruna að hann hafi verið drepinn. Það á að rannsaka þennan dauða sem morðmál. Þetta hefðu orðið flottustu tónleikar sögunnar og enginn hefði getað toppað þetta.“ - fb

PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON Páll sat einn í Smárabíói og átti fallega stund með konungi poppsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



LÁRÉTT
2. verkfæri, **6.** í röð, **8.** rakspaði, **9.** hvíld, **11.** ónefndur, **12.** fáni, **14.** skokk, **16.** fisk, **17.** berja, **18.** hækkar, **20.** hróp, **21.** harla.

LÓÐRÉTT
1. helminguð, **3.** járnstein, **4.** áttfætla, **5.** starf, **7.** brynja, **10.** skrá, **13.** eldsneyti, **15.** pabbi, **16.** geislahjúpur, **19.** átt.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** hakí, **6.** áb, **8.** lóð, **9.** lot, **11.** nn, **12.** flagg, **14.** hlaup, **16.** él, **17.** slá, **18.** ris, **20.** óp, **21.** afar.
LÓÐRÉTT: **1.** hálf, **3.** al, **4.** kóngulló, **5.** ión, **7.** bolhlíf, **10.** tal, **13.** gas, **15.** pápi, **16.** ára, **19.** sa.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Betri notaðir bílar

TOYOTA

Ný sending



Vorum að fá nýja sendingu af betri notuðum Toyota bílum árgerð 2007 og 2008

ÚRVALSBÍLL



Yaris Sol 2007 1.3 Bensín 5 gíra
Verð: 1.790.000 kr.
Betra verð: 1.620.000 kr.
Mánaðargreiðsla:* 24.600 kr.[1]

ÚRVALSBÍLL



Yaris Terra 2008 1.0 Bensín 5 gíra
Verð: 1.820.000 kr.
Betra verð: 1.630.000 kr.
Mánaðargreiðsla:* 21.500 kr.[2]

ÚRVALSBÍLL



Auris Terra 2008 1.4 Bensín 5 gíra
Verð:2.360.000 kr.
Betra verð: 2.120.000 kr.
Mánaðargreiðsla:* 27.900 kr.[2]

ÚRVALSBÍLL



Corolla Terra 2007 1.4 Bensín 5 gíra
Verð: 2.130.000 kr.
Betra verð: 1.900.000 kr.
Mánaðargreiðsla:* 28.800 kr.[1]

ÚRVALSBÍLL

Avensis Sol 2007 1.8 Bensín 5 gíra
Verð: 2.890.000 kr.
Betra verð: 2.600.000 kr.
Mánaðargreiðsla:* 39.300 kr.[1]

ÚRVALSBÍLL



Corolla Sol 2007 1.6 Bensín MM
Verð: 2.670.000 kr.
Betra verð: 2.400.000 kr.
Mánaðargreiðsla:* 36.300 kr.[1]

ÚRVALSBÍLL

Land Cruiser GX 2008 3.0 Dísil 6 gíra
Verð: 6.670.000 kr.
Betra verð: 5.990.000 kr.
Mánaðargreiðsla:* 78.200 kr.[2]

ÚRVALSBÍLL

Rav4 GX 2008 2000 Bensín ssk.
Verð: 4.080.000 kr.
Betra verð: 3.670.000 kr.
Mánaðargreiðsla:* 48.000 kr.[2]

Þessir bílaleigubílar er á einstaklega hagstæðu verði. Þeir eru söluskoðaðir og eru allir úrvalsbílar með verksmiðjuábyrgð og 12 mánaða viðbótarábyrgð.

Íslandsbanki

*M.v. 70% bílasamning hjá Íslandsbanka fjármögnun
Frekari upplýsingar á www.islandsbanki.is
1. Bílasamningur til 60 mánaða 2.Bílasamningur til 72 mánaða

Betri Notaðir Bílar
Nýbýlavegi 4 og Kletthálsi 2
Sími: 570-5070

www.toyota.is - www.bnb.is

Afgreiðslutími: Virka daga 10.00 - 18.00 Laugardaga 12.00 - 16.00

Today
Tomorrow
Toyota

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

BAKÞANKAR
Gerðar Kristnýjar

Konur sem töggur er í

Lætin voru svo mikil í mellunum, að þær hlupu unnvörpum um borð, ruku niður í lúkar og berháttuðu sig þar umsvifalaust, til að sýna á sér skrokkana. ... Þær voru bráðmyndarlegar stúlkur margar, nokkuð þykkvaxnar. Það er einhver töggur í þessu kvenfólki," segir Íslendingur nokkur um rússneskar vændiskonur í ævisögu frá áttunda áratug síðustu aldar. Hann lætur fylgja með að hann hafi verið með einni „þarna í lúkarnum". Viðhorf íslenskra karlmanna til vændis hefur jafnan einkennst af barnaskap.

ÞEIR virðast líta á vændiskonur sem hressar stúlkur sem standist einfaldlega ekki svona víkinga. Og þó svo þeir gauki peningum að dömunum? En nú hefur þjóðin vaknað við vondan draum. Hér hafa menn orðið uppvísir að mansali. Karlar svipta konur frelsinu og aðrir karlar borga síðan þessum körlum fyrir að fá að nauðga þeim. Til eru íslenskir karlmenn sem fúlsa ekki við því. Ekki eru það bara konur sem pyntaðar eru á þennan hátt því unglingsstúlkur sleppa ekki. Hærra verð fæst fyrir þær sem hafa verið „skólaðar til", þ.e.a.s. pyntaðar tímunum saman, oft af hópi karla. Þaðan í frá geta kvalararnir haft hemil á þeim með augnaráðinu einu.

ÞAÐ segir mikið að litháíska stúlkan sem kom hingað fyrir tveimur vikum, og landar hennar hugðust selja í vændi, skuli hafa verið send ein í flugi. Enginn virðist hafa átt von á að hún veitti mótspyrnu. Lögreglan hefur verið undir smásjá, enda almenningur forvitinn um hvernig hún brygðist við. Alltaf má gera betur. Fáeinum dögum eftir komu stúlkunnar stóð á lögregluvefnum að götuvændi færi vaxandi hér og síðan sagt: „Í höfuðborgum nágrannalandanna hafa erlendar vændiskonur, sem leita viðskiptavina á götunni, valdið margvíslegum vanda á undanliðnum árum." Þessi undarlega fullyrðing var síðan étin upp af Morgunblaðinu.

Í Bylgjuviðtali nokkru síðar benti Stefán Eiríksson lögreglustjóri þó á að framboðið væri ekki vandamálið við vændi, heldur eftirspurnin. Nákvæmlega! Við vitum of mikið til að geta lokað augunum fyrir eymd annarra. Framan á bókarkápu ævisögunnar sem ég minntist á í upphafi stendur: „Þú hlærð þig máttlausan við lesturinn og á stundum getur þú ekki lesið fyrir hláturrokunum." Jú, ætli maður hlæi ekki af feginleik yfir að dætur íslenskra sjómanna hafi ekki verið neyddar til að sýna allan þann tögg sem í þeim býr.

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn 26. október 2009, 299. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.52	13.12	17.30
Akureyri	8.45	12.56	17.07

Heimild: Almanak Háskólans

» Rödd skynseminnar

Af hverju er dýrara að fljúga til Stokkhólms en Kaupmannahafnar?

Fíton/SÍA FI030846

Er það af því að bara eitt flugfélag flýgur til Stokkhólms á meðan tvö fljúga til København?

Heilbrigð samkeppni er nauðsynleg og neytendum alltaf til góða. Í næstum sjö ár hefur Iceland Express boðið ferðalöngum **samkeppnishæft verð** og gert þeim sem eru í ferðahug kleift að gera verðsamanburð og velja **hagkvæmustu og þægilegustu** leiðina hverju sinni.

Iceland Express hefur breytt flugsamgöngum til og frá Íslandi og með áætlunarflugi til **Bandaríkjanna** 2010 gerum við enn betur fyrir ferðaglaða neytendur.

Virk samkeppni, gott verð og góð þjónusta – það er þannig sem við hjá Iceland Express hugsum það.

» Evrópa frá:
14.900 kr.
Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

» Bandaríkin frá:
24.900 kr.
Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Bókaðu núna!

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is